



Úttekt á starfsemi Sunnulækjarskóla á Selfossi

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir

© Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011.

Efnisyfirlit

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	4
1 INNGANGUR	6
1.1 Gagnaöflun	6
2 SKÓLINN	7
2.1 Áherslur og stefna skólans.....	7
2.2 Rekstur og stjórnun.....	9
2.3 Skólaráð.....	11
2.4 Lög og reglugerðir.....	12
2.5 Ytri tengsl.....	12
2.6 Starfsandi og skólabragur.....	13
2.7 Aðbúnaður.....	14
2.8 Mat úttektaraðila.....	15
3 SKÓLANÁMSKRÁ	17
3.1 Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags.....	18
3.2 Aðrar áherslur.....	18
3.3 Kennsla.....	18
3.4 Tengsl skólastiga.....	21
3.5 Námsmat.....	21
3.6 Val í námi.....	24
3.7 Skólaþróun.....	25
3.8 Mat úttektaraðila.....	25
4 INNRA MAT	27
4.1 Fyrirkomulag og framkvæmd.....	27
4.2 Tengsl við skólanámskrá.....	28
4.3 Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati.....	28
4.4 Mat á frammistöðu kennara.....	28
4.5 Umbætur á grundvelli sjálfsmats.....	28
4.6 Mat úttektaraðila.....	29
5 KENRARAR OG ANNAÐ STARFSFÓLK	30
5.1 Menntun og endurmenntun.....	30
5.2 Jafnrétti meðal starfsmanna.....	30
5.3 Mat úttektaraðila.....	31
6 NEMENDUR	31
6.1 Líðan.....	31
6.2 Lýðræði.....	32
6.3 Jafnrétti.....	33
6.4 Kennsla.....	33
6.5 Samskipti við starfsfólk.....	34
6.6 Félags- og tómstundastarf í skólanum.....	34
6.7 Skólaráð og nemendaráð.....	34
6.8 Námsmat.....	34

6.9	Mat úttektaraðila	35
7	FORELDRAR	36
7.1	Þátttaka foreldra í skólafarfi	36
7.2	Starfsemi foreldrafélagsins	36
7.3	Lýðræði	37
7.4	Afstaða til þjónustu við fjölskyldur nemenda með sérþarfir	37
7.5	Mat úttektaraðila	37
8	SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS	38
8.1	Fyrirkomulag og aðgengi	38
8.2	Eftirfylgni í framhaldi af greiningu.....	39
8.3	Nemendaverndarráð	39
8.4	Ráðgjöf til kennara	39
8.5	Sjúkrakennsla	40
8.6	Skólaheilsugæsla.....	40
8.7	Mat úttektaraðila	40
9	MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS	41
9.1	Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati	41
9.2	Framkvæmd ytra mats	41
9.3	Starfsfólk sveitarfélags/aðkeypt þjónusta.....	41
9.4	Tengsl við sjálfsmat skólans	41
9.5	Kynning og eftirfylgni.....	42
9.6	Mat úttektaraðila	42
10	NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA	43
10.1	Styrkleikar og veikleikar	43
10.2	Ógnanir og tækifæri	44
10.3	Tillögur að aðgerðum til úrbóta	45
11.	HEIMILDIR	47
VIÐAUKAR		48

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Sunnulækjarskóla á Selfossi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Lagt var mat á stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur og fyrirkomulag námsmats. Niðurstöður skólans á samræmdum könnunarprófum voru skoðaðar svo og hvernig skólinn nýtir þær. Úttektin beindist jafnframt að mati á og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfinu og hvernig það nýtist skólanum.

Úttektin leiðir í ljós að mjög faglegt starf fer fram í Sunnulækjarskóla. Skólinn hefur skýra stefnu og markmið sem margir hafa komið að við mótun og hefur auðveldað skólanum starfið í hröðum vexti. Mikill metnaður ríkir um að framkvæma stefnu hans sem skóla fjölbreytileikans en hún hvílir á þremur grunnstoðum: einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum. Skólabragurinn einkennist af góðum starfsanda og samvinnu, og jákvæðu og vinsamlegu viðhorfi til nemenda. Skólastjórnendur hafa sterka faglega sýn og allir kennarar skólans hafa kennsluréttindi. Nemendum og starfsfólki líður yfirleitt vel í skólanum en kennarar segjast upplifa mikið álag í starfi, í sumum tilfellum of lítið svigrúm til að vinna sjálfstætt. Nemendur hafa fjölmörg tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið, nemendafélag er starfandi og félagslíf er fjölbreytt. Eineltisáætlun liggur fyrir og einelti mælist svipað hjá nemendum í Sunnulækjarskóla og hjá nemendum í öðrum skólum.

Skólanámskrá er mjög skýr, með tengsl við aðalnámskrá og margt líkt með stefnu skólans og stefnu sveitarfélagsins. Uppbygging Sunnulækjarskóla er í eðli sínu þróunarverkefni svo og innleiðing *Uppeldis til ábyrgðar*, Stapi sem er sérstakt úrræði innan skólans og aukin áhersla á samfellu í námi. Innleiðing *Uppeldis til ábyrgðar* og ART hugmyndafræðinnar hefur að mörgu leyti tekist vel en ekki hafa allir starfsmenn fengið þar nægilega þjálfun né eru foreldrar nógu meðvitaðir þar um.

Námsaðferðir og -mat er fjölbreytt og árangursviðmið liggja fyrir í einstökum námsgreinum. Nemendur með sérþarfir fá þjónustu á heimasvæðum, í vinnuherbergjum og á sérstöku kennslusvæði, Stapa. Setrið, sérdeild Suðurlands, sem rekið er sem deild við Sunnulækjarskóla, kemur einnig til móts við tiltekna nemendur skólans. Árangur í samræmdum könnunarprófum er undir landsmeðaltali en talsverðar framfarir urðu á síðasta ári í 4. bekk. Heildarfjöldi kennslustunda er skv. viðmiðunarstundaskrá en þó færri kennslustundir í heimilisfræði, listgreinum og vali, en fleiri í íslensku og stærðfræði. Ónægja kom fram meðal foreldra og kennara um skipulag sérgreinakennslu á yngsta stigi. Nemendur í 8. – 10. bekk eiga kost á fjölbreyttu vali í námi. Skólinn hefur frá upphafi lagt áherslu á að meta starfið og sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir en samfella í matinu er ekki nægjanleg né það kynnt nóg.

Almenn ánægja er með skólann og stjórnun hans hjá starfsmönnum, nemendum, sveitarfélagi og foreldrum, en skýra þarf betur hlutverk og stjórnunarábyrgð deildarstjóra. Skipurit og starfslýsingar liggja fyrir og stjórnendur eiga starfsmannasamtöl við starfsfólk. Jafnréttisáætlun er ekki til staðar. Boðskipti og upplýsingamiðlun er almennt góð bæði innan skólans og við foreldra. Foreldrasamstarf er öflugt og góð samvinna heimilis og skóla. Samstarf við leik- og framhaldsskóla hefur tekist vel og skólinn á í margvíslegu samstarfi við grenndarsamfélagið. Húsnæði skólans er glæsilegt og hlýlegt og skólinn vel tækjum búinn en þrengsli eru á yngsta stigi. Allar öryggisreglur og leiðbeiningar um áhættumat, áföll o.fl. eru til fyrirmyndar. Ánægja hefur verið með sérfræðipjónustu sveitarfélagsins, m.a. eftirfylgni greininga. Sveitarfélagið hefur ekki verið með ytra mat á skólastarfinu, s.s. kannanir, en undirbúningsvinna er í gangi fyrir upptöku heildarmats. Hagræðingaraðgerðir sveitarfélagsins hafa að einhverju leyti bitnað á starfinu, t.d. hefur tölvubúnaður ekki verið endurnýjaður, nemendum fjölgað og starfsfólki fækkað.

Styrkleikar Sunnulækjarskóla liggja m.a. í skýrri stefnu og uppeldislegri sýn, sterkum faglegum leiðtogum, vel menntuðu starfsfólki og meðvitund þess um sérstöðu skólans, góðum starfsanda, fjölbreytileika í skólastarfinu, margvíslegu þróunarstarfi, í því að reynt er að koma til móts við nemendur með ýmsum hætti, að nemendur hafa tækifæri á að hafa áhrif á skólastarfið og góðri samvinnu við foreldra og upplýsingagjöf til þeirra. Helstu veikleikar eru þeir að ekki virðast allir starfsmenn nægilega meðvitaðir um þróunarverkefni skólans út frá stefnu hans, ekki hafa allir starfsmenn og foreldrar fengið fræðslu og þjálfun í *Uppeldi til ábyrgðar*, hlutverk deildarstjóra er ekki nægilega skýrt, þrengsli eru á yngsta stigi og ekki nægilegur vinnufriður á sumum svæðum og kennarar upplifa mikið álag. Árangur á samræmdum könnunarprófum er undir landsmeðaltali en talsverðar framfarir hafa orðið s.l. tvö ár í 4. og 7. bekk. Ekki er nægileg samfella í innra mati skólans sem þarf einnig að vera samstarfsmiðaðra.

Helstu tillögur til úrbóta eru þær að vinna þarf markvissar að innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar* og endurmenntun starfsfólks. Skýra þarf og auka stjórnunarábyrgð deildarstjóra skólans, tryggja að almennir starfsmenn fái nægilegar upplýsingar úr skólastarfinu, skoða hvernig koma megir til móts við þrengsli á yngsta stigi og móta aðgerðir til að taka skýrar á agamálum og auka vinnufrið. Halda þarf áfram að leita leiða vegna niðurstaðna síðustu ára úr Skólapúlsi, um sjálfsálit nemenda, þrátt fyrir hækkun á árinu, skoða frekar óánægju með skipulag sérgreinakennslu á yngsta stigi og finna leiðir til úrbóta. Þá þarf að rýna betur í ástæður lakrar frammistöðu nemenda á samræmdum prófum og skoða gagnrýni nemenda um að of mikil áhersla sé í sumum greinum á að vinna í áætlun. Meiri samfella þarf að vera í innra mati skólans, einfalda þarf sjálfsmatsskýrslu og matið þarf að kynna betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.

1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Sunnulækjarskóla á Selfossi. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Lögð var áhersla á stjórnun, skipulag kennslu, innra mat, námskröfur og fyrirkomulag námsmats og niðurstöður skólans á samræmdum könnunarprófum og hvernig skólinn nýtir þær. Úttektin beindist jafnframt að mati á og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist skólanum.¹

1.1 Gagnaöflun

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar eru skólanámskrá og starfsáætlun skólans, niðurstöður úr samræmdum prófum og niðurstöður kannana meðal grunnskóla og sveitarfélaga um innleiðingu laga um leik- og grunnskóla, og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá). Úttektaraðilar heimsóttu skólann tvisvar sinnum og áttu viðtöl við skólastjórnendur, fulltrúa kennara, fulltrúa annars starfsfólks, fulltrúa nemenda, foreldra og skólaráðs svo og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og formann fræðslunefndar.

Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi skólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að.

¹ Erindisbréf til úttektaraðila, 8. febrúar 2011.

2 SKÓLINN

Sunnulækjarskóli tók til starfa haustið 2004 og er yngsti grunnskóli sveitarfélagsins Árborgar. Fyrsta skólaárið voru fjórir yngstu árgangar grunnskólans við skólann en síðan hefur hann vaxið um einn árgang á ári. Skólaárið 2010 - 2011 er 1. til 10. bekkur í skólanum og því er skólaárið 2010-2011 fyrsta skólaárið sem skólinn er fullskipaður tíu árganga skóli.²

Allt frá stofnun hefur Sunnulækjarskóli vaxið mjög hratt og hefur nemendum fjölgað um allt að 30% milli ára og því hafa margir starfsmenn hafið störf ár hvert. Þessi mikli vöxtur hefur sett nokkurt mark á skólastarfið það sem af er, m.a. með þó nokkurri starfsmannaveltu, en eftir því sem skólinn stækkar dregur þó úr hlutfallslegri fjölgun.³

Sunnulækjarskóli starfar í þremur fjárhagslega sjálfstæðum einingum, Skóla, Setri og Hólum. Heildarstarfsmannafjöldi skólans er rúmlega 80 starfsmenn í um 75 stöðugildum. Í skólanum eru 476 nemendur í 10 árgöngum, í 26 bekkjardeildum. Skóli stendur fyrir grunnskólastarfið, Hólar er heilsdagsskólinn en Setur kemur til móts við sérþarfir í öllum sunnlenskum skólum. Í Setri er 21 nemandi, þar af 9 sem koma frá öðrum skólum en Sunnulækjarskóla. Hlutverk þess er að veita nemendum með sérþarfir lögbundna þjónustu og að vera stuðningur við það námstilboð sem nemandinn fær í sínum heimaskóla. Allir nemendur í Setri eru skráðir í sinn heimaskóla en koma í Setrið hluta úr viku og fá sérhæfða þjálfun og kennslu ásamt því að fá tækifæri til að vera í hópi jafningja og eignast vini á nýjum grunni. Starf deildarinnar byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun eins og Sunnulækjarskóli.

2.1 Áherslur og stefna skólans

Skólastefna Sunnulækjarskóla var mótuð af stjórnendum og kennurum skólans við upphaf skólastarfsins. Starfið byggir á þremur grunnstoðum: einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum sem skapa umgjörð skólastarfsins.⁴

Til undirbúnings að einstaklingsmiðuðu námi fóru stjórnendur og kennarar í heimsóknir í skóla þar sem slíkir kennsluhættir eða annað þróunarstarf hafði verið á dagskrá.⁵ Sérfræðingar voru einnig kallaðir til og orðræða úr undirbúningsvinnu á vegum sveitarfélagsins fylgdi skólastjóra þegar hann kom til starfa. Hann upplifði mikinn meðbyr með stefnunni í sveitarfélaginu þó ákveðið óöryggi væri í

² Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.1.

³ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.1 og rýnihópur skólastjórnenda 23. mars 2011.

⁴ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.2.

⁵ „Hér eru allir að hjálpa“. Rannsóknar- og matsskýrsla um fyrsta starfsár Sunnulækjarskóla 2004, bls. 13.

foreldrasamfélaginu. Fundir voru haldnir með foreldrum til að ræða nýja stefnu og kennsluhætti. Nýir þættir voru settir í stefnuna, t.d. að líta á árgang sem eina heild og að teymi kennara skrifuðu námsvísana. Að mati kennara er stefnan oft rædd og allir nýir starfsmenn eru ráðnir eftir stefnunni.⁶ Starfsmenn Sunnulækjarskóla, aðrir en kennarar, telja sig þekkja stefnu skólans vel, en telja sig ekki hafa nægjanleg áhrif á ákvarðanatöku og stefnumótun.⁷

Skólafélag Sunnulækjarskóla er eftirfarandi:

Í SUNNULÆKJARSKÓLA STUNDA NEMENDUR EINSTAKLINGSMÍÐAÐ NÁM. Í ÞVÍ FELST AÐ NÁM HVERS NEMANDA ER AÐLAGAÐ AÐ HÆFILEIKUM HANS OG GETU FREKAR EN AÐ NEMENDUR SÉU FLOKKAÐIR Í HÓPA MEÐ FYRIRFRAM SKILGREINDA EIGINLEIKA⁸.

Í leiðarljósum Sunnulækjarskóla birtast þau gildi sem lögð eru til grundvallar við stefnumótun og ákvarðanatöku. Á fyrsta skólaári voru leiðarljósín skrifuð með starfsmönnum. Þau eru:⁹

- Að hver nemandi skólans þroskist og dafni í námi og starfi á eigin forsendum.
- Að hver nemandi skólans njóti virðingar og væntumþykju.
- Að hver nemandi skólans öðlist sterka sjálfsmynd og áræði sem gefi honum þrek og þor og stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.
- Að þroska með hverjum nemanda trausta siðferðiskennd sem gerir hann að hæfum og farsælum þjóðfélagsþegni.
- Að skapa skólasamfélag sem einkennist af samvinnu og gagnkvæmu trausti þeirra sem það mynda.

Það er stefna skólans að vinna nemenda sé með þeim hætti að framangreindum markmiðum verði náð samhliða því að unnið sé að markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Þannig munu fjölbreyttir kennsluhættir og áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda gera skólanum kleift að þroska framangreinda þætti um leið og unnið er að öðrum markmiðum aðalnámskrár.¹⁰

Sunnulækjarskóli hefur valið sér að nota *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga* sem leiðarvísi til að ná að mæta ólíkum þörfum nemenda.¹¹ Stefnan er hugmyndafræði kennd við uppbyggingarstefnuna

⁶ Fundur með skólastjórnendum og kennurum Sunnulækjarskóla, 23. mars 2011

⁷ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2009-2010, bls. 11.

⁸ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 4.

⁹ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 4.

¹⁰ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla, 2009-2010, bls. 6.

¹¹ Námskrá Sérdeildar Suðurlands, 2010, bls. 2.

(e. restitution) þar sem lögð er áhersla á að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust,¹²

Innleiðing á hugmyndafræðinni hófst haustið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun. Skólaárið 2009-2010 unnu nemendur meðal annars að því með skipulögðum hætti að draga fram þau þrjú lífsgildi sem þeir töldu eftirsóknarverð. Þau gildi skyldi síðan leggja til grundvallar skólastarfinu. Nemendur völdu sér lífsgildin: gleði, vináttu og frelsi. Allir kennarar eiga að sjá um að unnið sé markvisst með hugmyndafræðina og gera bekkjarsáttmála. Á þemadögum í október 2009 gerðu allir bekkir sinn sáttmála um samskipti sem var grunnurinn að skólasáttmála sem unninn var. Mat skólastjóra er að tekist hafi að skapa jákvæðan skólabrag í stofnuninni bæði meðal starfsmanna og nemenda og hefur innleiðing *Uppeldis til ábyrgðar* verið þeim góður liðsauki í þeirri vinnu.¹³

Skólareglur liggja fyrir, en allir í skólanum eiga að sinna hlutverki sínu, virða rétt annarra, koma fram af kurteisi og bera ábyrgð á eigum skólans og skólagögnum. Viðbrögð við frávikum eru tilgreind í Skólahandbók. Skólinn fer t.d. eftir ART hugmyndafræðinni (Aggression Replacement Training), en hún er viðurkennt meðferðar- og þjálfunarkerfi, hannað til að hjálpa börnum og ungmönnum að ná tökum á færni í félagslegum samskiptum og reiðistjórnun og efla siðferðisþroska. Margir starfsmenn hafa lokið námskeiði sem ART þjálfarar.¹⁴

Að mati skólastjórnenda er tekið mið af eftirfarandi atriðum í stefnu skólans: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og menntun til sjálfbærni. Þessir þræðir liggja í gegnum *Uppeldi til ábyrgðar*, ART, einstaklingsmiðað nám og teymisvinnu kennara. Sjálfbærnin er kannski komin skemmst á veg í skólanum en sveitarfélagið byrjaði á samstarfi um umhverfismál sem ekki varð framhald á.¹⁵

2.2 Rekstur og stjórnun

Sunnulækjarskóli starfar í þremur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, Skóla, Setri og Hólum. Heildarstarfsmannafjöldi skólans er því rúmlega 80 starfsmenn í um 75 stöðugildum. Við Skóla eru 74 starfsmenn í 62,75 stöðugildum. Við Setrið eru 9 starfsmenn í 8 stöðugildum auk aðkomu nokkurra kennara skólans. Við Hóla, lengda viðveru, eru 3,5 stöðugildi sem skipuð eru 8 starfsmönnum, sjá nánar í viðauka 1.¹⁶ Sunnulækjarskóla er skipt í yngsta, mið- og elsta stig sem tveir deildarstjórar stýra.

¹² Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. (2007). *Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga*. Grein.

¹³ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.1.

¹⁴ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 10.

¹⁵ Fundur með skólastjórnendum, 23. mars 2011.

¹⁶ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.2.

Setrið, sem er sérdeild Suðurlands, er einnig hluti af Sunnulækjarskóla og því stýrir deildarstjóri sérdeildar.

Skipurit skólans liggur fyrir. Skólastjóri er ábyrgur fyrir skólanum, undir hann heyra aðstoðarskólastjóri, ritari og húsvörður. Deildarstjórar stiga, sérdeilda og stoðþjónustu heyra undir aðstoðarskólastjóra, auk matráðs. Kennarar, sérkennarar, stuðningsfulltrúar, bókavörður, þroskaþjálfarar, námsráðgjafar og aðrir starfsmenn heyra undir deildarstjóra.¹⁷

Í skólahandbók og starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla er hlutverkum kennarateyma, umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa og deildarstjóra lýst mjög vel. Hlutverk deildarstjóra er að stuðla að betri námsreynslu nemenda, skipuleggja og stýra skólastarfi og veita starfsfólki faglegan stuðning. Þeir eru millistjórnendur sem tilheyra stjórnendateymi skólans og eru háðir samráði þar um allar helstu stefnumótandi ákvarðanir í stjórnun hans. Við skólann starfa tveir deildarstjórar stiga. Annar stýrir yngsta stigi en hinn elsta stigi. Miðstiginu stýra þeir svo báðir í sameiningu. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja samræmi í störfum deildarstjóranna tveggja þar sem þeir mynda nokkurskonar teymi eða tvíeyki. Deildarstjóri stoðþjónustu sér um skipulag stuðnings við nemendur sem á þurfa að halda. Hólum stýrir umsjónarmaður í samráði við deildarstjóra yngri deildar.¹⁸

Ýmsir fundir eru haldnir í skólanum. Stjórnendafundir eru á mánudögum og hann sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og allir deildarstjórar. Kennarafundir eru annan hvern fimmtudag á móti deildarfundum sem eru tvisvar sinnum í mánuði. Teymisfundir eru á haldnir einu sinni í viku. Þá sitja kennarar sem vinna saman, sérgreinakennarar, sérkennarar og þroskaþjálfarar í viðkomandi árgöngum. Efni þessara funda er skipulagning kennslu og stuðnings, málefni einstakra nemenda, gerð kennsluáætlana og umræða um innra starf. Stuðningsfulltrúafundir eru haldnir mánaðarlega. Deildarstjóri stoðþjónustu og aðstoðarskólastjóri stýra fundinum. Fundir ýmissa stýrihópa eru einu sinni í viku. Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir mánaðarlega.¹⁹ Skólastjórnendur og deildarstjórar eiga starfsmannasamtöl við kennara og aðra starfsmenn með reglubundnum hætti.²⁰ Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri situr starfsmannasamtöl sem deildarstjórar taka.

Skólastjórnendur og deildarstjórar lýsa stjórnunarháttum skólans sem lýðræðislegum. Skólastjóri leggur áherslu á ábyrgð starfsmanna og að kennarar vinni eftir stefnu skólans.²¹ Að mati kennara er verkaskipting skólastjórnenda og deildarstjóra ekki skýr. Þeir telja að styrkja þurfi stjórnun deildarstjóra,

¹⁷ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 6 og Starfsmannahandbók bls. 8-9.

¹⁸ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 4-5.

¹⁹ Starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla 2010-2011, bls. 10.

²⁰ Starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla 2010-2011, bls. 19.

²¹ Rýnifundir skólastjórnenda og deildarstjóra, 23.mars 2011.

samræma vinnubrögð, fundi, upplýsingagjöf og stjórnun.²² Það viðhorf kom fram í hópi kennara að helstu veikleikar skólans séu að ekki er hlustað nægjanlega á kennara og þeir fá ekki nógu skýr svör varðandi einstaka þætti skólastarfsins og eftirfylgni mála. Að þeirra mati hafa t.d. ekki komið fram nógu sterk rök fyrir því af hverju ekki er boðið upp á list- og verkgreinar í fyrstu fjórum árgöngunum með sérgreinakennara.

Niðurstöður úr foreldrakönnunum meðal foreldra í apríl 2011 sýna að 81% foreldra telur að vel takist til við stjórnun skólans og hefur ánægjan aukist um 13% frá árinu 2009. Árið 2009 voru tæplega 80% starfsmanna almennt ánægð með stjórnun skólans. Tæplega 90% starfsmanna eru ánægð með samskipti sín við yfirmenn og stjórnendur og er þetta mun hærra en hjá öðrum skólum, skv. könnun Sambands Íslenskra sveitarfélaga árið 2009.²³ Í styrkleika og veikleikagreiningu árið 2009 kemur skýrt fram að kennarar eru ánægðir með samskipti sín við stjórnendur.²⁴ Deildarstjórar, sem rætt var við, sögðu að stjórnun skólans hefði gengið betur á síðustu árum, verkaskipting sé nokkuð skýr. Í rýnihópi annarra starfsmanna en kennara kom fram að stjórnunin væri góð en fundir með þeim of fáir. Þeir sitja ekki kennarafundi og því gleymist stundum að upplýsa almenna starfsmenn um ýmsa þætti starfsins. Þeir óska eftir að fundir með þeim séu a.m.k. einu sinni í mánuði eins og gert er ráð fyrir. Fulltrúar sveitarfélagsins, sem rætt var við, sögðust ánægðir með stjórnun skólans og skólastjóri hefði sýnt frumkvæði t.d. í vinnulagi við gerð launaáætlana sem aðrir skólar hafi nýtt sér.²⁵

2.3 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og fundar reglulega.²⁶ Kosið er í skólaráð til tveggja ára í senn og er það skipað níu einstaklingum.²⁷ Í ráðinu sitja tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar foreldra og skólastjóri auk fulltrúa grenndarsamfélagsins sem stjórn foreldrafélagsins kys úr sínum hópi.²⁸ Fundargerðir skólaráðs má lesa á heimasíðu skólans. Skólaráðið fer yfir starfsáætlun, rekstraráætlun, skólanámskrá og ársskýrslu. Það les yfir gögn og kemur með athugasemdir. Að mati ráðsins er vel tekið í flestar ábendingar, en það óskar eftir að tekið sé enn frekar á verkgreinanámi fyrir yngstu bekkina. Skólaráðið hefur ekki komið beint að innra mati skólans, niðurstöður eru kynntar í ráðinu en ekki rætt sérstaklega mikið um þær.²⁹

²² Rýnifundir kennara, 23.mars 2011.

²³ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2009 – 2010.

²⁴ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2009-2010, bls. 14.

²⁵ Rýnifundir skólastjórnenda, kennara, starfsmanna og fræðslunefndar, 23. og 30.mars 2011

²⁶ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 8. gr.

²⁷ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 3.

²⁸ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.8.

²⁹ Rýnihópur skólaráðs, 30.mars 2011.

2.4 Lög og reglugerðir

Að mati skólastjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins, sem rætt var við, hafa ný grunnskólalög ekki haft mikil áhrif á faglegt starf í skólanum og ágætlega gengur að innleiða nýjar reglugerðir. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og formaður fræðslunefndar sögðu að verið væri að leggja meiri skyldur á sveitarfélög í tengslum við sérfræðipjónustu.³⁰

Skólastjórnendur segja áhrif hagræðingaraðgerða sveitarfélagsins í kjölfar hrunsins helst þau að tölvubúnaður hefur ekki fengist endurnýjaður, nemendum hefur jafnframt fjölgað á sama tíma og starfsfólki hefur fækkað. Skólinn þarf að skera niður um fimm milljónir króna á meðan áætlun hækkar um 10 milljónir króna. Fækkað hefur verið um 2,5 kennarastöður á milli ára og bekkjardeildir hafa stækkað.³¹ Skólaráðið telur að minni aðstoð sé inni í bekk vegna fækkunar starfsmanna og kennarar finni fyrir því.³² Að mati fulltrúa sveitarfélagsins var gerð krafa um hagræðingu í launum og innkaupum og telja þeir að skólinn hafi náð að hagræða með því að slá saman hópum og með almennu aðhaldi.³³

2.5 Ytri tengsl

2.5.1. Samstarf við heimili

Að mati þeirra sem rætt var við í úttektinni eru umsjónarkennarar skólans í miklu og stöðugu samband við heimilin í gegnum Mentor. Foreldrar taka jafnframt þátt í þemadögum, vordögum og öðrum slíkum athöfnum þar sem þeir eru hvattir til að koma í skólann. Hefðbundnir foreldradagar eru tvisvar á ári í lok haustannar og miðannar auk þess sem umsjónarkennarar 1. bekkjar eiga einstaklingsfundi með öllum foreldrum nemenda strax í ágúst. Þá er einnig haldið stutt foreldranámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk á hverju hausti. Vegna innleiðingar *Uppeldis til ábyrgðar* var haldið foreldranámskeið og foreldrum send rafræn póstkort með heilræðum sem því tengjast.³⁴

2.5.2. Grenndarsamfélag

Nemendur skólans hafa gert sig gildandi í samfélaginu á ýmsan hátt, t.d. hafa þeir bakað smákökur fyrir jólin og fært eldri borgurum, félagsþjónustu og kirkju. Þá hafa eldri borgarar komið einu sinni á ári í heimsókn og spilað félagsvist. Á móti hafa nemendur heimsótt þá til að kenna þeim á farsíma.³⁵ Að mati skólastjóra eykur þetta skilning og trú milli kynslóðanna. Nemendur fara í starfskynningu,

³⁰ Fundur með fræðslunefnd, 30.mars 2011.

³¹ Fundur með skólastjórnendum, 23.mars 2011.

³² Rýnihópur með skólaráði, 30.mars 2011.

³³ Fundur með fræðslunefnd, 30.mars 2011.

³⁴ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.3.

³⁵ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.3.

starfsþjálfun hjá fyrirtækjum, vettvangsferðir og heimsóknir í sveitarfélaginu. Fulltrúi grenndarsamfélagsins situr jafnframt í skólaráði.

2.5.3. Nemendaráð

Nemendafélag er við skólann og hefur einn kennari á elsta stigi umsjón með starfi þess. Í nemendafélagi skólans eiga sæti tveir kosnir bekkjarfulltrúar úr hverjum 8.-10. bekk. Stjórn félagsins skipa formaður og varaformaður úr 10. bekk og meðstjórnandi úr 9. bekk. Félagið fundar einu sinni í mánuði og stjórnin einu sinni í viku. Nemendafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum yfir veturinn, t.d. böllum fyrir yngri og eldri deildir skólans, bingói, góðgerðastarfi fyrir jólin og árshátíð í mars. Nemendafélagið sér um að setja upp kaffihús í anddyri skólans á foreldradögum. Þar eru seldar veitingar á vægu verði. Ágóðinn rennur til nemendafélagsins sem notar hann til að halda árshátíð. Nemendur skólans taka þátt í ýmsum árvissum atburðum og keppnum. Síðast tókst þeim að vinna Lífshlaupið, hvatningarleik ÍSÍ á landsvísu. Sunnulækjarskóli varð í efsta sæti í flokki skóla með 400 nemendur eða fleiri.³⁶

2.6 Starfsandi og skólabragur

Við þróun þeirra starfshátta sem einkenna starf Sunnulækjarskóla er lögð áhersla á starf kennarateyma og frelsi þeirra til sjálfræðis innan þeirra marka sem grundvöllur og leiðarljós skólans marka. Samræmi í starfsemi mismunandi teyma er tryggt með skipulagðri umræðu og kynningu innan skólans.³⁷

Allir kennarar skólans vinna saman í teymum. Umsjónarkennarar innan árgangs eða samliggjandi árganga mynda þau. Kennarateymið framkvæmir og stjórnar daglegu skólastarfi tiltekinna árganga.³⁸ Kennarar í teymum skipta umsjón með nemendum á milli sín og eru þeir því umsjónarkennarar tiltekinna nemanda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum teymisins heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna á milli sín.

Að mati skólastjórnar er góður starfsandi í skólanum og niðurstöður starfsmannasamtala sýna að starfsmenn hlakka til að mæta í vinnuna. Þetta staðfestist í viðhorfskönnun árið 2009 þar sem starfsánægja mælist 4,2 af 5 á svonefndu styrkleikabili. Árið 2008 mældist starfsánægjan 3,72.³⁹ Að sögn skólastjóra styður opna rýmið og teymisvinna kennara við hugmyndafræði skólans. Áhersla er lögð á að endurnýja teymin með reglulegu millibili til að koma í veg fyrir stöðnun. Margt hafi áhrif á skólabraginn, s.s. nýr skóli, nýir nemendur, nýir kennarar, teymisvinna kennara og *Uppeldi til ábyrgðar*.

³⁶ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.3.

³⁷ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla, 2009-2010, bls. 6.

³⁸ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 4.

³⁹ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2009-2010, bls. 42.

Skólastjórnendur telja að grunnskólinn hafi breyst úr valdastofnun í þjónustustofnun.⁴⁰ Deildarstjórar, kennarar, starfsmenn, nemendur og fulltrúar sveitarfélagsins sem rætt var við segja starfsandann mjög góðan og það sé eftirsóknarvert að vinna við skólann. Engin samskiptavandamál hafa komið inn á borð fræðslunefndar.⁴¹

Í sjálfsmati skólans s.l. ár kemur fram að starfsmenn telja að skólinn sé í stöðugri þróun, óskum um námsgögn sé vel sinnt, samvinna og starfsandi sé góður, teymisvinna góð og vinnuframlag mikils metið. Helstu veiku hliðar að mati starfsmanna er að ábyrgð og svigrúm til að vinna sjálfstætt sé ekki nægjanlegt, tíminn sé of lítt til að ljúka daglegum verkefnum, litlir möguleikar séu á þróun í starfi, kaup og kjör séu ekki góð, líttill stuðningur sveitarfélagsins og slök ímynd skólans sé meðal sveitarfélagsins.

2.7 Aðbúnaður

Við hönnun skólans var lögð áhersla á að byggja skóla sem tæki tillit til þarfa einstaklinga í nútímasamfélagi þar sem hæfni til samskipta, frumkvæðis og nýsköpunar eru veigamiklir þættir. Einnig skyldi horft til þess að þroska sjálfstæða einstaklinga sem gætu tekið ábyrgð á eigin lífi og væru færir um að stunda símenntun alla ævi. Með þetta í huga var hannaður skóli þar sem kennsla fer fram í opnum rýmum og aukið svigrúm er gefið til samvinnu, samstarfs og fjölbreyttra kennsluhátta.

Sunnulækjarskóli er í um 6.400 m² húsnæði og hefur auk þess aðgang að sambyggðu íþróttahúsi og sundlaug í Sundhöll Selfoss. Skólinn var byggður í tveimur áföngum árin 2004 og 2007. Skólabyggingin einkennist af opnum kennslurýmum, rúmgóðum sal í miðju skólans auk tveggja álma sem hýsa kennslustofur list- og verkgreina, raungreinastofu, tungumálaver, bókasafn, stjórnun o.fl.⁴² Stjórnendur segjast almennt ánægðir með aðbúnaðinn. Húsnæðið er fallett og húsgögnin vönduð en tölvukostur er hinsvegar kominn á tíma.⁴³

Kennsluálma skólans er á tveimur hæðum sem er hvor um sig u.þ.b. 600 m². Hver árgangur hefur um 180 m² svæði til ráðstöfunar. Skil milli slíkra svæða eru mynduð með smærri vinnuherbergjum og salernum. Við kaup á húsbúnaði var haft til hliðsjónar að allur búnaður væri færanlegur með líttilli fyrirhöfn.⁴⁴

Almenn ánægja er meðal foreldra með aðstöðuna. Foreldrar sem rætt var við í rýnihópi gerðu þó athugasemd við húsnæði fyrir börn sem eru í lengdri viðveru og segja það leka, þetta staðfestir

⁴⁰ Fundur með skólastjórnendum, 23. mars 2011.

⁴¹ Rýnifundir kennara, starfsmanna, fræðslunefndar, 23. og 30. mars 2011.

⁴² Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.3-4.

⁴³ Rýnihópur skólastjórnenda og deildarstjóra 23. mars 2011.

⁴⁴ „Hér eru allir að hjálpa“. Rannsóknar- og matsskýrsla um fyrsta starfsár Sunnulækjarskóla, 2004, bls. 13.

húsvörður.⁴⁵ Kennarar eru almennt ánægðir með aðstöðuna, en í viðhorfskönnun starfsmanna árið 2010 kemur fram óánægja með þrengsli, hávaða á vinnusvæðum og vinnuaðstöðu starfsmanna. Þessi viðhorf staðfestust að mörgu leyti í rýnihópum kennara, foreldra og almennra starfsmanna.⁴⁶

2.7.1. Mötuneyti

Við skólann er mötuneyti sem tekur 120 – 140 manns í sæti. Í mötuneyti er fullbúið eldhús þar sem allur matur skólans er eldaður á staðnum. Stuðningsfulltrúi annast gæslu nemenda í matartímum. Í mötuneyti starfa fimm starfsmenn í 3,5 stöðugildum. Annað hvert ár er spurt um ánægju foreldra með mötuneytið í tengslum við sjálfsmat skólans og er samdóma álit að ávallt sé góður matur borinn fram í mötuneytinu.⁴⁷ Að mati almennra starfsmanna er aðstaða almennt góð í mötuneyti.⁴⁸

2.7.2. Öryggismál

Í skólahandbók eru fyrirmæli um hvernig bregðast skuli við slysum og þar er einnig rýmingaráætlun skólans og viðbrögð við jarðskjálfta. Rýming skólans er æfð árlega. Áfallaáætlun er einnig fyrirbyggjandi, en við skólann starfar áfallateymi.⁴⁹ Skýrar reglur liggja fyrir er varða viðbrögð við áföllum tengdum nemendum, aðstandendum og starfsmönnum, s.s. vegna sjúkdóma, andláts eða slyss. Leiðbeiningar eru t.d. um hvernig kennari á að tilkynna nemendum erfið mál.⁵⁰

Við skólann er starfandi fjögurra manna öryggisnefnd sem nýlega hefur lokið áhættumati og einnig er búið að koma til móts við allar tillögur vinnueftirlits sem skoðaði skólann sl. vorönn.⁵¹ Foreldrar komu með athugasemd í rýnihópnum varðandi gler á efri hæð skólans. Samkvæmt húsverði er verið að laga aðstöðuna og markmiðið að ljúka verkinu innan mánaðar.⁵²

2.8 Mat úttektaraðila

- Sunnulækjarskóli hefur skýra stefnu og markmið sem margir komu að við mótun, bæði starfsmenn og grenndarsamfélag, og hefur auðveldað skólanum starfið í hröðum vexti. Til dæmis. eru allir starfsmenn skólans ráðnir inn skv.stefnu hans. Skólastjórnendur hafa sterka faglega sýn. Skólastjóri er búinn að starfa við skólann frá stofnun og hefur því haft mikil áhrif á framkvæmd stefnunnar og ráðningu starfsmanna í tengslum við hana.

⁴⁵ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2009 - 2010, bls. 48 og rýnihópur foreldra og starfsmanna 30.mars 2011.

⁴⁶ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla 2009 - 2010, bls. 38, rýnihópur foreldra og starfsmanna 30. mars 2011

⁴⁷ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.3-4.

⁴⁸ Rýnihópur starfsmanna 30.mars 2011.

⁴⁹ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 19.

⁵⁰ Áfallamappa Sunnulækjarskóla.

⁵¹ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.3-4.

⁵² Rýnihópur foreldra og rýnihópar starfsmanna 30. mars 2011.

- Húsnæði skólans styður að mörgu leyti við stefnu hans. Húsnæðið er hlýlegt og vistlegt. Skólinn er nýr og allur aðbúnaður til fyrirmyndar. Mötuneyti skólans er mjög stórt og staðsett í miðju hans sem nýtist því ekki sem skyldi í skólastarfinu. Nokkur þrengsli eru á yngsta stigi.
- Setrið, sem kemur til móts við sérþarfir í sunnlenskum skólum, styður við stefnu skólans og eykur fjölbreytileika í kennsluháttum þar sem aðferðir þess nýtast einnig í annarri kennslu.
- Skólastarfið byggir á þremur grunnstoðum: einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum. Innleiðing *Uppeldis til ábyrgðar* og ART hugmyndafræðinnar hefur gengið ágætlega en ekki hafa allir starfsmenn fengið þar nægilega þjálfun né eru foreldrar nógu meðvitaðir þar um. Hér eru tækifæri fyrir skólann til að bæta úr með enn markvissari þjálfun allra starfsmanna og foreldra.
- Almenn ánægja er með stjórnendum skólans meðal starfsmanna, foreldra, nemenda og sveitarfélags. Þó kom fram í úttektinni ónægja meðal kennara með að ekki væri alltaf hlustað nægilega vel á ábendingar þeirra m.a. um þrengsli og sérgreinakennslu á yngsta stigi. Óánægja með sérgreinakennslu kom einnig fram í hópi foreldra. Lagt er til að skipaður verði hópur til að skoða þessi mál. Í hópnum gætu t.d. setið fulltrúar kennara, deildarstjóri stigs og fulltrúi foreldra í skólaráði.
- Skólabragur Sunnulækjarskóla einkennist af teymisvinnu, góðum starfsanda og samvinnu. Starfsmenn upplifa þó álag í starfi og of lítið svigrúm til að vinna sjálfstætt, litla möguleika á starfsþróun og óánægju með kaup og kjör. Þetta staðfestist bæði í könnunum og viðtölum.
- Sjálfbærni er komin skammt á veg í skólanum og má það að hluta til skrifast á það að sveitarfélagið hefur ekki lokið stefnumótun í þessum efnum.
- Skipurit og starfslýsingar liggja fyrir og skólastjórnendur eiga starfsmannasamtöl við kennara og aðra starfsmenn. Að mati kennara og starfsmanna má þó skýra betur hlutverk deildarstjóra og auka þeirra stjórnunarábyrgð og taka úttektaraðilar undir það sjónarmið.
- Boðskipti og upplýsingamiðlun er almennt góð. Ýmsir fundir eru haldnir í skólanum, s.s. stjórnendafundir, kennarafundir, deildarfundir og teymisfundir. Upplýsingar af kennarafundum virðast þó ekki berast nægilega vel til annarra starfsmanna og mikilvægt að bæta úr því.
- Almenn ánægja er með sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Hagræðingaraðgerðir sveitarfélagsins hafa að einhverju leyti bitnað á starfinu, t.d. hefur tölvubúnaður ekki verið endurnýjaður, nemendum fjölgað og starfsfólki fækkað.
- Gott samstarf er við heimili, bæði í gegnum Mentor og foreldrasamstarf. Fjölbreytt samvinna er við grenndarsamfélagið og er almenn ánægja innan skólans með tengslin. Almenn ánægja er með nemendafélagið hjá nemendum og starfsmönnum.
- Allar öryggisreglur og leiðbeiningar um áhættumat, áföll o.fl. eru til fyrirmyndar.

3 SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá Sunnulækjarskóla liggur fyrir og er hún gefin út á hverju hausti. Hún er tvískipt, skólahandbók sem geymir almennan hluta skólanámskrár og námsvísar sem geyma frekari tilhögun kennslunnar. Skólahandbókinni er ætlað það hlutverk að geyma almenna lýsingu á starfsemi skólans, birta upplýsingar um fyrirkomulag, starfsferla o.fl. Námsvísarnir eru hins vegar lýsingar á því hvernig nám og kennsla fara fram. Þar eru markmið einstakra greina birt og því lýst hvernig staðið er að verki við nám og kennslu í skólanum, hvernig námsmati er háttað, hvaða námsefni er notað og annað sem lýtur að starfinu í skólanum. Skólahandbókin og námsvísarnir eru aðgengileg á vef skólans⁵³.

Kennarar skólans vinna saman í teyllum. Þannig vinna umsjónakennarar tiltekins árgangs saman að skipulagi kennslunnar og einnig að framkvæmd hennar á sameiginlegu opnu svæði. Þar gefst kennurum árgangsins tækifæri til að vinna með árganginn sem heild og skipta honum upp í hópa eftir því sem best hentar hverju sinni.⁵⁴

Á upphafsárum skólans var mikil áhersla lögð á sjálfstæði teymanna og frelsi þeirra til að skipta með sér verkum eftir því sem best hentaði hverju sinni. Þannig tókst að mati skólastjóra að skapa jákvætt viðhorf í garð þess nýja fyrirkomulags sem verið var að innleiða. Í upphafi var teymunum því falið að skrifa námsvísa fyrir þann árgang sem þau sinntu hvert um sig. Eftir því sem skólanum hefur vaxið fiskur um hrygg hefur ábyrgð á endurskoðun og gerð námsvísa færst að nokkrum hluta til yfir á deildarstjóra með það að augnamiði að tryggja samfellu í námi nemendanna og tryggja meira öryggi í skólastarfinu.⁵⁵ Mikil ánægja er með teymisvinnu kennara, en að mati starfsmanna og kennara má auka þátttöku stuðningsfulltrúa að þeirri vinnu. Deildarstjórar segja niðurskurð hafa hamlað því að stuðningsfulltrúar hittu kennara reglulega. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu funda mánaðarlega með stuðningsfulltrúum í dag⁵⁶.

⁵³ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 3.

⁵⁴ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.4.

⁵⁵ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.4.

⁵⁶ Rýnifundir skólastjórnenda, deildarstjóra, kennara og starfsmanna 23.mars 2011.

3.1 Tengsl skólanámskrár við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags

Skólanámskrá Sunnulækjarskóla tekur mið af aðalnámskrá og nokkuð skýr tengsl eru þar á milli. Kennarar og deildarstjórar bera skólanámskrá saman við aðalnámskrá og nýta einnig markmið í Mentor.

Skólastefna sveitarfélagsins Árborgar var samin í desember 2007. Þar er m.a. að finna leiðarljós grunnskóla Árborgar og markmið og leiðir næstu fimm árin. Ekki eru bein tengsl á milli skólastefnu Sunnulækjarskóla og stefnu sveitarfélagsins en að mati skólastjórnenda er ýmislegt líkt með þeim, t.d. teymisvinna, námsaðlögun o.fl.⁵⁷

3.2 Aðrar áherslur

Í drögum að nýrri aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og menntun til sjálfbærni. Í rýnihópum voru stjórnendur og starfsmenn spurðir hvort þessir þættir fléttuðust inn í skólastarfið. Að mati skólastjórnenda koma flestir þessir þættir fram í *Uppeldi til ábyrgðar* og í lífsleikni. Að mati deildarstjóra og kennara má festa þessa þætti betur í sessi, sérstaklega sjálfbærni.⁵⁸

3.3 Kennsla

Námsvísar fyrir alla árganga liggja fyrir. Í þeim koma fram námstilhögun, dagskipulag, þema, heimanám, námsmatið, lýsing á námsgreinum og námsmarkmið.⁵⁹ Aðalnámskrá grunnskóla setur viðmið um fjölda kennslustunda í námsgreinum. Í viðauka 3 má sjá viðmiðunarstundaskrá og skiptingu kennslustunda í Sunnulækjarskóla.⁶⁰ Heildarfjöldi kennslustunda í Sunnulækjarskóla er skv. viðmiðunarstundaskrá. Fjöldi kennslustunda er þó færri en samkvæmt viðmiðunarstundaskrá í heimilisfræði, listgreinum og vali (sjá viðauka 3) en fleiri í íslensku og stærðfræði.

3.3.1. Námsskipulag

Skólinn nýtir sér það fyrirkomulag að hægt er að skipta umsjónarhópum sem vinna á sameiginlegum svæðum frekar upp. Þannig hefur skólinn bætt við viðbótarkennara í þremur tímum í íslensku og þremur tímum í stærðfræði í hverjum árgangi á efsta sigi. Þar sem 10. bekkur er í þremur umsjónarhópum eru fjórir stærðfræðikennarar á svæðinu í þremur kennslustundum á viku. Þetta gerir

⁵⁷ Rýnihópur skólastjórnenda, 23.mars 2011.

⁵⁸ Rýnifundur skólastjórnenda, deildarstjóra og kennara 23.mars 2011.

⁵⁹ Námsvísar 1.-10.bekkar veturinn 2010-2011.

⁶⁰ Aðalnámskrá grunnskóla 2006, bls. 14.

kennurum mögulegt að skipta hópnum enn frekar, óháð skiptingu umsjónarhópa og koma þannig betur til móts við þarfir hvers og eins. Með svipuðum hætti hafa kennarar á yngsta stigi skipt árgöngum upp eftir þörfum nemenda í lestrarnámi hluta vikunnar og náð mjög góðum árangri í lestrarkennslu að mati skólastjóra.⁶¹

Kennslusvæðum er skipt upp þannig að 1. og 2. bekkur eru saman með 116 nemendum, 3. og 4. bekkur eru saman á svæði með 106 nemendum, 5., 6. og 7. bekkur eru saman með 128 nemendum og 8.,9. og 10. bekkur saman með 128 nemendum.⁶² Í hverjum hópi fyrir sig eru 16-23 nemendur.

3.3.2. Heimanám

Nemendur vinna eftir áætlunum og nái þeir ekki að ljúka vinnu eftir áætlun í skólanum er henni lokið heima. Mikil áhersla er lögð á gott upplýsingaflæði milli skóla og heimilis þegar kemur að heimavinnu og eru upplýsingar um heimanámið í Mentor. Að mati nemenda, sem rætt var við í rýnihópi, er heimanámið hæfilegt. Þó kom fram það sjónarmið að sumir næðu alltaf að ljúka verkefnum í tímum en aðrir þyrftu ævinlega að ljúka þeim heima.⁶³ Kennarar, sem rætt var við, sögðu heimavinnu mismikla efir árgöngum.

3.3.3. Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir Sunnulækjarskóla liggja fyrir og flestar eru skráðar í Mentor. Í 1. bekk er kennsluáætlun í formi fréttabréfs sem send er heim reglulega. Í 3. bekk vinnur kennarateymið dagskipulag komandi viku á teymisfundum. Í 5. bekk er kennsluáætlun orðin nokkuð ítarlegri. Í íþróttum og sundi liggja fyrir kennsluáætlanir allra bekkja allar vikur skólaársins. Kennsluáætlanir í Setri – sérdeild eru tengdar námsáætlun einstakra nemenda⁶⁴. Í rýnihópi nemenda kom fram það viðhorf að í sumum greinum væri stundum of mikil áhersla á að vinna í áætlun en í öðrum greinum væri námið fjölbreyttara.⁶⁵

3.3.4. Jafnréttiskennsla

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál.⁶⁶ Innan skólans hafa verið í gangi tvö verkefni sem einkum miða að auknum skilningi og jafnræðis milli nemenda. Annað er vinaverkefni. Undanfarin tvö ár hefur

⁶¹ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.4.

⁶² Starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla, 2010-2011. Skipting á kennslusvæði 2010-2011.

⁶³ Rýnihópur nemenda 30.mars 2011.

⁶⁴ Kennsluáætlanir Sunnulækjarskóla.

⁶⁵ Rýnihópur nemenda 30.mars 2011.

⁶⁶ Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

jólaskemmtun skólans verið tvískipt þannig að oddatöluárgangar eru á annarri skemmtuninni en jafntöluárgangar á hinni. Þannig blandast eldri og yngri árgangar. Þar sem vinatengslin eru þegar til staðar sækja eldri vinir þá yngri og fylgja þeim að jólatrénu. Að mati skólastjóra hefur þetta orðið til þess að jafnvel elstu strákarnir ganga allir umhverfis tréð með glöðu geði enda hafa þeir það hlutverk að leiða sér yngri vini.⁶⁷

Annað verkefni sem er í mótun er að í Sunnulækjarskóla geta nemendur í 8.-10. bekk gerst sjálfboðaliðar. Þá eru þeir að aðstoða yngri nemendur í kennslu/skólavist/frímínútum/mat. Með þessu gefa þeir vinnu til skólasamfélagsins og fá tækifæri til að auka þroska sinn og reynslu. Nemendur eru frá tveimur til fjórum kennslustundum á viku í þessari vinnu og hefur hún að mati skólastjóra reynst mjög vel og nemendur eru til fyrirmyndar.⁶⁸ Að mati skólastjórnenda hefur verkefnið aukið sjálfstraust nemenda og skilning þeirra á starfi kennara. Verkefnið tengist hugmyndafræði skólans, "*Hér hjálpast allir að*".⁶⁹ Viðá er fjallað um jafnrétti kynja í námi nemenda, t.d. er farið í kynjahlutverk og staðalímyndir með strákahópnum í 10. bekk í uppeldi til ábyrgðar og fjallað um mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna í val tímum. Í 7. bekk er fjallað um jafnréttismál í lífsleikni og uppeldi til ábyrgðar.⁷⁰

3.3.5. Listir, sköpun og frumkvæði

Áhersla skólans á listir, sköpun og frumkvæði í starfi skólans er á ábyrgð hvers umsjónakennara. Að mati skólastjóra er hvert tækifæri nýtt. Hugmyndafræði skólans og skipulag miða að því að ná þessu fram. Kennarar séu vel búnir til að sinna listum og sköpun og fá að nýta sérstofur til kennslu og fá stuðning frá fagkennurum. „Erum að leggja meiri áherslu á samvinnu teymanna í list- og verkgreinum með umsjónakennurum. Í vetur hafa þeir t.d. unnið saman að nýsköpunarverkefni þar sem komið er inn á frumkvæði, sjálfstæði og jafnrétti“⁷¹. Að mati deildarstjóra er áhersla á listir og sköpun rauður þráður í sérkennslunni, mikið sé unnið með myndverk. Mikill áhugi er hjá umsjónarkennurum um aukna samvinnu við list- og verkgreinakennara og er sú vinna í þróun með nýjum kennurum⁷². Kennarar, sem rætt var við, segja niðurskurð í skólanum hafa komið niður á list- og verkgreinum. Þeir vilja líka gera tónmenntakennsluna sýnilegri.⁷³ Að mati foreldra í skólaráði mætti vera meiri áhersla á verkgreinar, sérstaklega á yngsta stigi.⁷⁴

⁶⁷ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.5.

⁶⁸ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.5.

⁶⁹ Fundur með skólastjórnendum, 23.mars 2011.

⁷⁰ Athugasemdir skólastjóra, 2.mai 2011.

⁷¹ Rýnihópur skólastjórnenda, 23.mars 2011.

⁷² Rýnihópur deildarstjóra, 23.mars 2011.

⁷³ Rýnihópur kennara, 23.mars 2011.

⁷⁴ Rýnihópur skólaráðs, 30.mars 2011.

3.3.6. Læsi

Sunnulækjarskóli leggur mikla áherslu á læsi í víðum skilningi. Skólinn styðst við byrjendalæsi fyrir yngstu bekkina og samþættir það við listir og sköpun. Skólinn hefur aukið kennslumagn á yngsta og elsta stigi í lestri. Skólastjórnendur sögðu að nemendur hefðu sýnt miklar framfarir eins og fram hafi komið á læsisprófum en útkoma þar hafi batnað á milli ára. Markmiðið sé að innleiða byrjendalæsi upp í fjórða bekk, en nú búið er að þróa aðferðafræðina upp í annan bekk.

3.4 Tengsl skólastiga

Samstarf við leikskóla er í föstum farvegi. Væntanlegir 1. bekkjar nemendur í Sunnulækjarskóla koma í vorskóla sem fer fram í apríl. Börnin koma í nokkrar heimsóknir með leikskólakennurum eða foreldrum. Í fyrstu heimsókninni er stutt samverustund með kennurum og síðan ganga skólastjórnendur með börnunum um skólann, skoða hann og hitta starfsfólk. Þá eru tvær heimsóknir þar sem börnin koma í fylgd leikskólakennara og kennarar taka á móti börnunum og vinna með þeim verkefni í skólanum. Eru þessar heimsóknir utan skólatíma. Í framhaldinu geta leikskólakennarar komið með börnin í heimsókn í kennslustund í 4-5 manna hópum á skólatíma. Þá gefst börnunum tækifæri til að kynnast mismunandi kennslustundum í skólanum. Þau börn sem ekki eru í leikskóla geta komið í fylgd með foreldrum.⁷⁵

Samstarf er við Fjölbrautaskólann á Suðurlandi (FSU). Dæmi eru um að nemandi hafi lokið tiltekinni grein í 8. bekk og hafið nám samhliða 9. bekk í FSU. Þá hafa tveir nemendur lokið grunnskólaprófi í lok 9. bekkjar. Í vetur stunda átta grunnskólanemendur fjarnám í einingabæru námi í FSU samhliða námi sínu í Sunnulækjarskóla.⁷⁶

3.5 Námsmat

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 27. gr. um námsmat:

*MAT Á ÁRANGRI OG FRAMFÖRUM NEMENDA ER REGLUBUNDINN ÞÁTTUR Í SKÓLASTARFI. TILGANGUR ÞESS ER AÐ FYLGJAST MEÐ ÞVÍ HVERNIG NEMENDUM TEKST AÐ MÆTA MARKMIÐUM AÐALNÁMSKRÁR OG NÁ NÁMSMARKMIÐUM SÍNUM, ÖRVA NEMENDUR TIL FRAMFARA OG META HVERJIR ÞURFA Á SÉRSTAKRI AÐSTOÐ AÐ HALDA.*⁷⁷

⁷⁵ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.5.

⁷⁶ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.5.

⁷⁷ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.

Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið sem hverjum skóla er skylt að útfæra nánar í skólanámskrá „með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist.“ Áfangamarkmið eru meginviðmið í öllu skólastarfi og „mynda einnig grundvöll lögboðinna samræmdra prófa auk þess að vera viðmið við skólanámskrárgerð, í þróunarstarfi, við námsgagnagerð og mat á skólastarfi“. Þar segir einnig að í skólanámskrá skuli sýna „hvernig skólinn útfærir þrepamarkmið einstakra námsgreina“ og að „gerð sé rækileg grein fyrir námsmatsreglum skóla og vitnisburðarkerfi í skólanámskrá.“⁷⁸ Um matsaðferðir segir svo í aðalnámskrá:

ÞÆR VERÐA AÐ HÆFA MARKMIÐUNUM OG ENDURSPUGLA ÁHERSLUR Í KENNSLU. ÞESS ER ENGINN KOSTUR AÐ META NÁMSGENGI OG FRAMFARIR EINGÖNGU MEÐ PRÓFUM OG ÖÐRUM FORMLEGUM AÐFERÐUM. MÖRG MARKMIÐ ERU ÞESS EDLIS AÐ EINUNGIS ÓFORMLEGUM AÐFERÐUM VERÐUR VIÐ KOMIÐ. NIÐURSTÖÐUR NÁMSMATS VERÐA ÞVÍ AÐ BYGGJAST JÖFNUM HÖNDUM Á ÓFORMLEGU MATI KENNARA OG Á FORMLEGUM AÐFERÐUM, S.S.PRÓFUM OG KÖNNUNUM.⁷⁹

Fjölbreytilegar aðferðir við námsmat eru notaðar í Sunnulækjarskóla eins og fram kemur í skólanámskrá. Þar má nefna kannanir, nemendaviðtöl, sjálfsmat, símat o.s.frv.⁸⁰ Fljótlega eftir stofnun skólans var stofnaður stýrihópur til þess að taka saman og samræma hugmyndir kennara um námsmat í einstaklingsmiðuðu námi. Samnefnari í þeirri vinnu var að mikilvægt væri að miða námsmat við þau markmið sem væru lögð til grundvallar í námi hvers nemanda jafnvel þó svo að ekki væru allir að fást við sömu markmið. Eftir nokkra þróunarvinnu var árið 2007 settur saman lítill bæklingur um námsmat sem kallaður var *Leiðbeiningar um námsmat í Sunnulækjarskóla*. Þar sem ekki var til hentugt tölvukerfi til að halda utan um markmið og námsmat á þeim tíma var farin sú leið að kennarar settu upp markmiðalista sem þeir merktu svo við fyrir hvern nemanda og vistuðu í tölvudiskum skólans á PDF-sniði. Þessi blöð voru síðan prentuð út við annaskil og sett í matsmöppur nemenda.

Með tilkomu nýrrar einingar í Mentor sem heitir *Námsframvinda* hafa kennarar skráð öll námsmarkmið skólans og hvernig hver og einn nemandi nær hverju markmiði. Innleiðing þeirrar einingar hófst á síðasta skólaári og hefur haldið áfram af krafti í vetur. Að mati skólastjóra er mikill kostur að skrá námsmarkmið í heildstætt kerfi og með því næst að halda utan um árangur nemenda á sama stað. Framsetning námsmats á elsta stigi er með nokkuð hefðbundnari hætti þar sem vetrareinkunn og prófseinkun að vori úr námsefni vetrarins mynda skólaeinkunn.⁸¹ Deildarstjórar segja *Námsframvindu* í Mentor mjög góða en ákveðnir þættir hamli skólanum við skráningu, þá aðallega vegna barna sem eru í

⁷⁸ *Aðalnámskrá grunnskóla* 2006, bls. 12.

⁷⁹ *Aðalnámskrá grunnskóla* 2006, bls. 16-17..

⁸⁰ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 11.

⁸¹ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.5.

öðrum heimaskóla og stunda nám við sérdeild Suðurlands í Sunnlækjarskóla.⁸² Að mati kennara var námsmatið flókið og vinnubrögð voru ekki samræmd. Mikil vinna hafi átt sér stað meðal stjórnenda og kennara við að einfalda vinnuna í samvinnu við Mentor. Kerfið geti hins vegar verið nokkuð flókið í skóla sem leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám.⁸³

Þrjár námsannir eru á hverjum vetri. Tveir foreldradagar eru á ári og fyrir þá eru námsmatsmöppur sendar heim með nemendum til að foreldrar geti farið yfir vitnisburðinn fyrir viðtalið. Enn fremur þreyta nemendur í 4., 7. og 10. bekk samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.⁸⁴ Námsmat í Setri, sérdeild Suðurlands, er byggt á markmiðum hvers nemenda með líkum hætti og í almenna hluta skólans. Það er þó unnið með enn ítarlegri hætti og myndrænni framsetningu.⁸⁵

Sjálfsmat nemenda, sem lýtur að líðan og samskiptum almennt í skólanum, er liður í námsmatinu. Nemendur fá afhent sjálfsmatsblöð við hver annaskil, þeir fylla matið út heima með foreldrum og það er svo tekið fyrir í viðtölum með öðru námsmati.⁸⁶ Að mati foreldra eru þeir vel upplýstir um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki. Það gefi þeim greinargóðar upplýsingar um stöðu nemenda, bæði námslega og félagslega.⁸⁷

Undanfarin ár hafa í sjálfsmati skólans ítrekað komið fram athugasemdir og óskir frá kennurum um að einfalda og samræma námsmatið.⁸⁸ Að sögn skólastjórnenda og kennara er matið í stöðugri endurskoðun m.a. í samvinnu við Mentor. Kennarar sögðust almennt jákvæðir gagnvart námsmati í skólanum og samræmdum könnunarprófum. Þeir segjast telja að námsmatið og prófin séu ágætt aðhaldstæki fyrir kennara og skólann.⁸⁹

3.5.1. Samræmd próf

Árangur í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk hefur undanfarin ár verið undir meðaltali bæði í íslensku og stærðfræði miðað við niðurstöður á Suðurlandi og á landinu öllu. Talsverðar framfarir urðu árið 2009 hjá 4. bekk og árið 2010 hjá 7. bekk.⁹⁰ Niðurstöður styrk- og veikleikagreiningar árið 2009 meðal kennara sýna að þeim finnst námsárangur í stærðfræði ekki vera nægjanlega góður.⁹¹

⁸² Rýnihópur deildarstjóra, 23.mars 2011.

⁸³ Rýnihópur kennara, 23. mars 2011.

⁸⁴ Skólahandbók Sunnlækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 11.

⁸⁵ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnlækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6.

⁸⁶ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnlækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6.

⁸⁷ Rýnihópur foreldra, 30.mars 2011.

⁸⁸ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls. 24.

⁸⁹ Rýnihópur skólastjórnenda og rýnihópur kennara 23. mars 2011.

⁹⁰ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls. 24-25.

⁹¹ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls. 22.

Hér að neðan má sjá mismun á Sunnulækjarskóla og skólum á Suðurlandi á samræmdum könnunarprófum árin 2005 - 2010:

	Stærðfræði	Íslenska
4. bekkur	- 0,5 (2005) - 0,8 (2006) - 1,3 (2007) -1,7 (2008) + 0,1 (2009) - 0,3 (2010)	- 0,5 (2005) - 0,3 (2006) - 0,4 (2007) -0,5 (2008) + 0,4 (2009) - 0,1 (2010)
7. bekkur	- 0,8 (2007) -1,0 (2008) - 0,4 (2009) + 0,3 (2010)	0 (2007) -0,2 (2008) 0 (2009) +0,5 (2010)
10. bekkur	- 0,2 (2010)	- 0,2 (2010)

PISA

Þar sem Sunnulækjarskóli var ekki með 9. bekk þegar síðasta PISA rannsókn fór fram liggja ekki fyrir niðurstöður.⁹²

3.6 Val í námi

Nemandi í 8. bekk Sunnulækjarskóla fær að velja sér valgreinar sem eru tvær kennslustundir á viku, þar sem þeir eru ýmist sér eða með 9. - 10. bekk í valhópi. Þegar nemandi sest í 9. og 10. bekk er meira námsval sem gerir nemendum kleift að velja sér námsgreinar og „læk“; Samfélagsfræðilæk, Raungreinalæk eða Málalæk, við hæfi eftir áhuga og í samræmi við framtíðarmarkmið. Hver valgrein er kennd hálfan vetur og fá nemendur því alls fjórar valgreinar yfir veturinn. Lækjartímar eru fjórir tímar á viku allan veturinn.⁹³

⁹² Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6.

⁹³ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6.

3.7 Skólaþróun

Að mati skólastjóra er uppbygging Sunnulækjarskóla í eðli sínu þróunarverkefni með áherslu á teymisvinnu starfsmanna, einstaklingsmiðað nám og námsmat og vinnu á opnum svæðum. Engu að síður má benda á þau verkefni sem í svipinn eru sett ofarlega á blað, svo sem innleiðing *Uppeldis til ábyrgðar* sem hófst haustið 2007 með námskeiði fyrir alla starfsmenn, tilkomu Stapa sem er sérstakt úrræði innan skólans eða aukinni áherslu á samfellu í námi nemenda. Þessi atriði eru tilkomin í framhaldi af styrkleika- og veikleikagreiningu sem lesa má um í sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs.⁹⁴ Um þrjú fjórðu hlutar starfsmanna hafa jákvætt viðhorf til hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar* en einn fjórði var annað hvort hlutlaus eða hafði neikvætt viðhorf til hugmyndafræðinnar.⁹⁵

Veturinn 2010-2011 er fyrsti vetur Stapa og er starfsemin þar í mikilli þróun. Stapi er námsúrræði í Sunnulækjarskóla þar sem nemendum gefst tækifæri á að stunda nám í fámennum hópi. Þar eru nú 15 nemendur, allt frá því að koma í Stapa tvær kennslustundir upp í um 20 stundir á viku. Nemendur í Stapa eru flestir með miklar sérþarfir í námi og þurfa því mikla sérkennslu og/eða aðlagað námsefni. Mest áhersla er lögð á íslensku og stærðfræðinám en verkgreinar, tungumál og samfélagsgreinar koma einnig við sögu, sérstaklega hjá þeim nemendum sem stunda nám í Stapa stóran hluta vikunnar. Fyrir liggur að gera formlega þróunaráætlun um Stapa innan skólans.⁹⁶

Lestrarstefna Sunnulækjarskóla hefur verið í þróun frá því að skólinn tók til starfa. Gerð voru drög á fyrstu starfsárum sem nú eru í endurskoðun.⁹⁷

3.8 Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá er mjög skýr. Kennarar og deildarstjórar skrifa námsvísa í skólanámskránni og hafa þannig áhrif á starf sitt. Nokkuð skýr tengsl eru á milli skólanámskrár og aðalnámskrár.
- Ekki eru bein tengsl á milli skólastefnu Sunnulækjarskóla og stefnu sveitarfélagsins en ýmislegt er þó líkt, s.s. teymisvinna, námsaðlögun o.fl. Mikilvægt er að við endurskoðun á skólastefnu sveitarfélagsins verði reynt að horfa til góðrar reynslu í starfi Sunnulækjarskóla.
- Kennarar vinna saman í teymum og telja almennt að teymisvinnan henti mjög vel í opnu rými. Þó kom fram það viðhorf í hópi kennara að teymisvinnan geti að einhverju leyti komið niður á sjálfstæði og frumkvæði kennara sem geti þá síður brugðist við aðstæðum sem upp koma í kennslunni.

⁹⁴ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6.

⁹⁵ Sjálfsmatsskýrsla 2009, bls. 34.

⁹⁶ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6.

⁹⁷ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6.

- Heildarfjöldi kennslustunda er skv. viðmiðunarstundaskrá. Fjöldi kennslustunda er þó færri í heimilisfræði, listgreinum og vali, en fleiri í íslensku og stærðfræði.
- Námsmat skólans er fjölbreytt og fram kemur í úttektinni að það hafi verið endurskoðað í vetur með góðum árangri, en kennarar höfðu óskað eftir að námsmat yrði betur samræmt og einfaldað og ýmsir þættir endurskoðaðir.
- Árangursviðmið liggja fyrir í einstökum námsgreinum og eru þau skráð í Mentor. *Námsframvinda* í Mentor hefur auðveldað þá skráningu þótt hún falli ekki að öllu leyti að einstaklingsmiðuðu námi í skólanum.
- Árangur í samræmdum könnunarprófum er undir meðaltali en talsverðar framfarir hafa orðið s.l. tvö ár í 4. og 7. bekk og skólinn hefur innleitt byrjendalæsi fyrir fyrstu tvo árgangana. Skólinn er hvattur til að rýna betur í ástæður niðurstaðna.
- Óánægja kom fram meðal foreldra, kennara og skólaráðs vegna þess að ekki eru sérstakir list- og verkgreinakennarar í fyrstu fjórum bekkjunum. Umsjónarkennarar eru þó hvattir til að vinna með sérgreinakennurum að úrræðum. Eins og áður er komið fram hvetja úttektaraðilar skólann til að skoða þessi mál frekar með aðkomu aðila skólasamfélagsins.
- Samstarf við leik- og framhaldsskóla er í föstum farvegi og hefur gengið vel.
- Nemendur í 8.-10. bekk eiga kost á fjölbreyttu námsvali tengdu samfélagsfræði, raungreinum og tungumálum og almenn ánægja er með valið.
- Stapi er nýtt úrræði innan skólans til að koma til móts við nemendur. Almenn ánægja er með þetta úrræði, en það kom til vegna styrkleika og veikleikagreiningar í skólanum.

4 INNRA MAT

Um innra mat grunnskóla segir í 36. grein grunnskólalaga:

*HVER GRUNNSKÓLI METUR MEÐ KERFISBUNDNUM HÆTTI ÁRANGUR OG GÆÐI SKÓLASTARFS Á GRUNDVELLI 35. GR. MEÐ VIRKRI ÞÁTTTÖKU STARFSMANNA, NEMENDA OG FORELDRA EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á. GRUNNSKÓLI BIRTIR OPINBERLEGA UPPLÝSINGAR UM INNRA MAT SITT, TENGLI ÞESS VIÐ SKÓLANÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR UM UMBÆTUR.*⁹⁸

4.1 Fyrirkomulag og framkvæmd

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að sinna sjálfsmati skólans enda að mati skólastjóra mikilvægt að fylgjast með öllum merkjum um hvernig til sé að takast við að móta nýja stofnun við óvenjulegar aðstæður. Strax á fyrsta starfsári, í febrúar 2005, var ráðist í að gera viðhorfskönnun meðal foreldra nemenda skólans. Könnunin var unnin af stjórnendum hans. Einnig var leitað til Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors við KHÍ, í byrjun árs 2005, um að vera starfsfólki til stuðnings við mótunarstarfið. Myndaður var stýrihópur undir stjórn Ingvars sem skilaði rannsóknar- og matsskýrslu í desember það sama ár eða á öðru starfsári skólans. Sú skýrsla fékk heitið *Hér eru allir að hjálpa öllum*. Næstu ár var starfandi stýrihópur sem sá um að gera reglulegar kannanir á viðhorfum foreldra og starfsmanna til þess sem verið var að fást við í skólanum. Þó svo að starf stýrihópsins hafi verið mikilvægt var það ekki fyrr en tekinn var upp sá háttur að einn af kennurum skólans fékk ábyrgð á sjálfsmati og kallaði aðra til starfa eftir þörfum að sjálfsmatið komst í það horf sem það er nú. Fyrsta sjálfsmatsskýrslan sem unnin var með þessum hætti leit dagsins ljós í lok skólaársins 2008-2009 og síðan í lok síðasta skólaárs.⁹⁹

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggist í dag á lagaákvæðum ráðuneytis og einnig er stuðst við ritin *Mat á skólastarfi – Hvað og hvernig* og *Sjálfsmat skóla*. Innri viðmið í sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru fyrst og fremst stefna skólans, grundvöllur hans og leiðarljós, ásamt mati á árangri þeirra þróunarverkefna og markmiða sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma.¹⁰⁰

Þær ytri og innri kannanir sem nú liggja fyrir til grundvallar sjálfsmatinu eru starfsmannakannanir, foreldrakannanir, nemendakannanir, samræmd könnunarpróf, styrk-og veikleikagreiningar sem gerðar

⁹⁸ Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.

⁹⁹ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6-7.

¹⁰⁰ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla, 2009-2010, bls. 7.

eru árlega af starfsfólki skólans o.fl. Í framhaldi af því hefur verið gerð verkáætlun fyrir hvert ár og þær kynntar fyrir starfsfólki.¹⁰¹

Í sjálfsmati Sunnulækjarskóla er lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólastarfið:¹⁰²

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
2. Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt árangur?
3. Líður nemendum vel í skólanum?
4. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
5. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Nemendur og starfsmenn fylla einnig út sjálfsmatsblöð, starfsmenn einu sinni á ári í tengslum við starfsmannaviðtöl en nemendur í tengslum við foreldradaga.¹⁰³

4.2 Tengsl við skólanámskrá

Eins og fram er komið tekur innra mat skólans mið af markmiðum og stefnu skólans og nám og kennsla metin með ýmsum hætti, s.s. í viðhorfskönnunum meðal foreldra, nemenda og starfsmanna og í styrkleika- og veikleikagreiningu meðal starfsmanna.

4.3 Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati er í gegnum reglulegar kannanir og styrkleika- og veikleikagreiningar starfsmanna. Að öðru leyti koma nemendur og foreldrar ekki að framkvæmd matsins, t.d. að gerð spurningalista, en stýrihópur starfsmanna kom að gerð spurningalista.

4.4 Mat á frammistöðu kennara

Í árlegu starfsmannasamtali er lagt mat á frammistöðu kennara. Í samtalinu er rætt hvaða þættir í starfinu eru mikilvægastir.

4.5 Umbætur á grundvelli sjálfsmats

Vorið 2008 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Sunnulækjarskóla og var niðurstaðan sú að sjálfsmatið væri ófullnægjandi. Haustið 2008 var kennari við skólann fenginn til að

¹⁰¹ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla, 2009-2010, bls. 8-11.

¹⁰² Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla, 2009-2010, bls. 51-53.

¹⁰³ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.6-7.

vinna að frekari þróun sjálfsmatsins og að skrifa skýrslu um sjálfsmat skólans frá stofnun hans. Sú skýrsla lá fyrir vorið 2009.¹⁰⁴ Samkvæmt niðurstöðum hennar eru sterkustu stoðir skólans stefna og stjórnun, einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttir kennsluhættir, góð samvinna og jákvæður starfsandi. Þær framfarir sem hafa orðið mestar á milli ára eru bættur námsárangur nemenda og mun meiri starfsánægja en áður. Helstu verkefni sem skólinn hefur sett í forgang eru að vinna að betri aga og festu í skólanum minnka áreiti á vinnusvæðum nemenda, laga ýmislegt sem snýr að námi og kennslu, bæta sérkennslu, auka námsárangur nemenda enn frekar og koma á meiri samfellu í náminu. Skólinn er að leita leiða til að efla trú nemendanna á eigin getu og styrkja sjálfsmynd þeirra, einkum stúlkna.¹⁰⁵

Helstu tillögur skólans að forgangsverkefnum 2009-2010 eru að bæta sérkennslu, taka á agamálum og skerpa á starfslýsingum starfsmanna með aðkomu þeirra sjálfra. Ekki kemur fram í sjálfsmatsskýrslu ársins í ár hvort þessum verkefnum sé lokið. Helstu tillögur árið 2010-2011 eru að taka á agamálum, bæta sérkennslu og samfellu í námi, minnka hávaða á vinnusvæðum, auka sjálfsmynd nemenda og bæta tölvukost.¹⁰⁶ Tekið hefur verið á sérkennslumálum með Stapa.

4.6 Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur frá upphafi lagt áherslu á að meta starfið t.d. með viðhorfskönnunum. Einnig var unnin ítarleg skýrsla um starfið að loknu fyrsta starfsári.
- Árið 2008 mat menntamálaráðuneytið sjálfsmat skólans ófullnægjandi þar sem ekki var þá komin samfella í sjálfsmatið og það ekki kerfisbundið. Skólinn tók á þessu með því að fá ákveðinn kennara til að hafa umsjón með matinu. Sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir s.l. tvö ár. Að mati úttektaraðila má einfalda framsetningu sjálfsmatsskýrslu og tryggja meiri samfellu í matið á milli ára m.a. með því að gera betri grein fyrir hvaða verkefnum er lokið og hvaða árangur hefur náðst.
- Niðurstöður úr sjálfsmati eru hvorki kynntar nemendum né foreldrum. Kennarar og starfsmenn koma lítið að mótun spurninga í sjálfsmati. Skólinn er hvattur til að og auka aðkomu fleiri að sjálfsmatinu, t.d. með sjálfsmatshópi sem í sætu fulltrúar starfsmanna, foreldra og nemenda.

¹⁰⁴ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls. 8.

¹⁰⁵ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls.54.

¹⁰⁶ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls.54.

5 KENNARAR OG ANNAÐ STARFSFÓLK

5.1 Menntun og endurmenntun

Allir kennarar skólans hafa kennsluréttindi, allmargir hafa réttindi á báðum skólastigum og sumir hafa frekari framhaldsmenntun. Auk þess er algengt að kennarar skólans hafi stundað framhaldsnám samhliða starfi.¹⁰⁷

Ekki hefur verið gerð endurmenntunaráætlun til langs tíma við Sunnulækjarskóla heldur hefur jafnan verið horft til þess hvað er í boði á hverjum tíma og hverjar þarfir starfsmanna eru. Þannig var til dæmis haldið fjölmennt námskeið í ágúst s.l. í Sunnulækjarskóla undir stjórn erlends fyrirlesara sem kom hingað til lands á vegum áhugafélags um *Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga*. Námskeiðið sóttu kennarar víða að af landinu og um 40 starfsmenn Sunnulækjarskóla. Að mati starfsmanna má rekja dræma sókn á námskeiðið til sumarleyfa starfsmanna. Í viðtölum við kennara og starfsmenn kom fram að frekari fræðsla um stefnuna væri mikilvæg, a.m.k. tvisvar sinnum á ári.¹⁰⁸ Að mati deildarstjóra, kennara og starfsmanna er óheppilegt að ekki hafi allir starfsmenn sótt fræðslu um stefnuna. Það komi niður á innleiðingu hennar.¹⁰⁹ Skólastjóri telur að endurmenntun megi vera markvissari út frá stefnu skólans¹¹⁰.

Af öðrum námskeiðum sem sótt hafa verið á þessu skólaári eða eru á döfinni má nefna; *Árangursrík málörvun – mat á árangri, Kvíðaraskanir barna, Málþing um stærðfræðimenntun ungra barna, Námskeið um teiknimynd v/kynferðismisnotkunar, Nýsköpunarmennt og Varnarviðbrögð í starfi með fötluðum*.¹¹¹ Skólastjórnendur segja kennara hvatta til að kynna afrakstur námskeiða sem þeir hafa sótt t.d. á teymisfundum kennara.

5.2 Jafnrétti meðal starfsmanna

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.¹¹² Ekki liggur fyrir jafnréttisáætlun skólans.

¹⁰⁷ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.7.

¹⁰⁸ Rýnihópur starfsmanna 30.mars 2011.

¹⁰⁹ Rýnihópar deildarstjóra, kennara og starfsmanna 23.mars 2011.

¹¹⁰ Rýnihópur skólastjórnenda, 30.mars 2011.

¹¹¹ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.7.

¹¹² Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

5.3 Mat úttektaraðila

- Allir kennarar hafa kennsluréttindi og er það mikill styrkur fyrir skóla í uppbyggingu.
- Endurmenntunaráætlun liggur ekki fyrir og fræðsla starfsmanna ræðst þó nokkuð af eftirspurn. Úttektaraðilar telja mikilvægt að endurmenntun verði markvissari út frá stefnu skólans, þörfum starfsmanna og niðurstöðum sjálfsmats og tryggt að allir starfsmenn fái fræðslu um þá þætti sem skólinn leggur til grundvallar í starfi sínu, s.s. *Uppeldi til ábyrgðar*. Mikilvægt er þó að kennarar beri einnig ábyrgð á að viðhalda hæfni sinni í starfi.
- Jafnréttisáætlun liggur ekki fyrir og er skólinn hvattur til að ljúka þeirri vinnu.

6 NEMENDUR

Við skólann starfa 476 nemendur í 10 árgöngum í 26 bekkjardeildum. Í Setri starfar 21 nemandi, þar af 9 sem koma frá öðrum skólum en Sunnulækjarskóla.¹¹³

6.1 Líðan

Líðan nemenda er könnuð árlega í Skólapúlsi og niðurstöður kynntar á kennarafundi.¹¹⁴ Yfirleitt telja bæði nemendur og foreldrar að nemendur séu ánægðir og þeim líði almennt vel í skólanum. Tilfinningin fyrir að hafa stjórn á eigin lífi, vanlíðan og kvíði kemur örlítið verr út en hjá samanburðarskólum. Stúlkur koma verr út en drengir.¹¹⁵ Sjálfsálit kom verr út á síðustu árum en hækkaði í ár. Skólinn skoðar nú þessar niðurstöður. Í rýnihópi nemenda var rætt við sex nemendur úr 5. til 10. bekk. Þau sögðu að sér líði vel í skólanum.¹¹⁶ Líðan nemenda var einnig rædd í rýnihópi foreldra og þar kom fram að almennt líður börnum þeirra vel í skólanum.¹¹⁷ Í janúarmælingu Skólapúlsins 2011 eru ofangreindir þættir komnir á sambærilegan stað og í viðmiðunarhópum, nema kvíði.¹¹⁸

Eineltisáætlun Sunnulækjarskóla liggur fyrir. Deildarstjórar ásamt námsráðgjafa mynda eineltisteymi skólans sem vinnur samkvæmt eineltisáætlun skólans og heldur skrá yfir vinnu með eineltismál í svokölluðum árveknalista sem geymdur er og trúnaður ríkir um. Samkvæmt mælingum Skólapúlsins árið

¹¹³ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.2.

¹¹⁴ Rýnihópur skólastjórna, deildarstjóra og kennara, 23. og 30.mars 2011.

¹¹⁵ Sjálfsmatsskýrsla 2009, bls. 33.

¹¹⁶ Rýnihópur nemenda, 30.mars 2011.

¹¹⁷ Rýnihópur foreldra, 30.mars 2011.

¹¹⁸ Athugasemd skólastjóra, 2.maí 2011.

2010 var einelti í Sunnulækjarskóla lítillega yfir meðallagi.¹¹⁹ Í janúarmælingu 2011 voru niðurstöður þær sömu.¹²⁰ Eineltisáætlun var endurskoðuð árið 2009 og útbúin aðgerðaráætlun. Sett var upp eineltisteymi og árveknalisti þar sem haldið er betur utan um hvert atvik.¹²¹ Að mati deildarstjóra hefur mjög markviss vinna farið fram í eineltismálum, t.d. í sjálfsmati nemenda og tengslakönnunum. Lagt er upp með fyrirbyggjandi aðgerðir, s.s. bekkjarfundi og *Uppeldi til ábyrgðar* til að skapa vinatengsl milli bekkja.¹²² Skólaárið 2009-2010 sýnir að einelti mælist svipað hjá nemendum í Sunnulækjarskóla og hjá nemendum í öðrum skólum, þó kemur nokkur neikvæður munur fram hjá nemendum í 9. bekk miðað við nemendur á landinu öllu. Nemendur, sem rætt var við, telja einelti ekki vera mikið. Þeir nefndu sem dæmi eineltismál sem komið hefði upp. Þá hafi foreldrar verið kallaðir á fund og málið rætt. Nemendur segja skólastjórnendur alltaf taka strax á málum. „Við fáum tíma í *Uppeldi til ábyrgðar* og skrifum undir eineltisáætlun í tengslum við það.“¹²³ Í forelðrakönnun Sunnulækjarskóla í mars 2011 kemur í ljós að 33 foreldri telur að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti á síðustu 30 dögum, eða rúm 10%.¹²⁴

Liður í bættri umgengni er að fela nemendum aukna ábyrgð að hætti *Uppeldis til ábyrgðar*. Þannig hefur þátttaka sjálfboðaliða í starfi í frímínútum og hádegi orðið til að bæta umgengni í skólanum. Enn er rúm fyrir frekari framfarir í sambandi við umgengni.¹²⁵ Ekkert brottfall er úr skólanum en nokkuð um undanþágur.¹²⁶

6.2 Lýðræði

Nemendur sem rætt var við í rýnihópi telja að aðkoma þeirra að ákvarðanatöku innan skólans sé helst í gegnum nemendaráðið og skólaráðið. Nemendur bjóða sig fram í skólaráð og hafa þannig áhrif. Þeir fá einnig að ráða vinnubókum, hvað þau vinna mikið, en það sé alltaf eitthvert lágmark. Nemendur vinna í áætlun og- eða í lotum, t.d. í íslensku. Nemendur lýsa kennslunni þannig að kennari sýni stundum á töflu, en yfirleitt gangi hann á milli nemenda. Stundum tali nemendur saman um verkefni.¹²⁷

Að mati skólastjórnenda er áhrif og aðkoma nemenda á ákvarðanir innan skólans t.d. í tengslum við sáttmála *Uppeldis til ábyrgðar* og *Alþingi*, en það var vettvangur fyrir nemendur til þess að móta stefnu skólans. Unnið var með hvernig nemendur vildu sjá skólann til framtíðar. Nemendur úr hverjum

¹¹⁹ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.7.

¹²⁰ Skólupúlsinn 2011.

¹²¹ Rýnihópur skólastjórnenda, 30.mars 2011.

¹²² Rýnihópur deildarstjóra, 23.mars 2011.

¹²³ Rýnihópur nemenda, 30.mars 2011.

¹²⁴ Forelðrakönnun Sunnulækjarskóla, mars 2011.

¹²⁵ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.7.

¹²⁶ Rýnihópur skólastjórnenda, 30. mars 2011.

¹²⁷ Rýnihópur nemenda, 30. mars 2011.

umsjónarhópi hittust og ræddu málið. Niðurstöður úr þessari vinnu voru ný gildi skólans: Vinátta, gleði og frelsi.¹²⁸

Skólastjórnendur telja að innleiðing *Uppeldis til ábyrgðar* hafi haft jákvæð áhrif á lýðræði, jafnrétti, líðan og skólabrag. Sem dæmi um gögn sem lýsa þeirri vinnu eru rafræn póstkort sem send voru foreldrum í aðdraganda foreldranámaskeiðs um *Uppeldi til ábyrgðar*, ýmis myndræn framsetning, aðhaldsblað og námssamningur. Það síðasttalda hafi gefið góða raun á miðstigi og efsta stigi þegar gera þurfi uppbyggingaráætlun sem þarfnast eftirfylgni. Þá nefna þeir „sáttarborðið“, skv. *Uppeldi til ábyrgðar*, sem hafi gefið afar góða raun þegar sætta þurfi ólík sjónarmið. Sérstaklega hjálpi það við að tryggja að hlustað sé á nemendur.¹²⁹

6.3 Jafnrétti

Að mati nemenda, sem rætt var við, er jafnréttis gætt í skólanum meðal nemenda og kennara. Móttaka nýrra nemenda er að þeirra mati góð, „enginn er að spá í hver er hvað, hér eru allir jafnir. Kennarar spyrja alla alveg jafn mikið.”

Móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur liggur ekki fyrir, en mjög fáir erlendir nemendur eru í skólanum. Nemendur með annað tungumál en íslensku fá kennslu í íslensku sem öðru móðurmáli. Í Stapa og Setri er boðið upp á tíma í stærðfræði og íslensku fyrir nemendur með sérþarfir.¹³⁰

6.4 Kennsla

Að mati nemenda sem rætt var við er skipulag skólastarfsins og kennslan góð. Helstu kostir við kennslufyrirkomulagið sé að nemendur geti hjálpast að þvert á bekk. Helstu ókostir við opið rými sé að erfitt reynist stundum að einbeita sér í prófum. Nemendur sögðust vera nokkuð sáttir við námsefnið, telja að loturnar í íslensku séu fínar, en námsefnið í náttúrufræði mætti vera skemmtilegra. „Við gerum aldrei tilraunir þótt það séu tilraunir í bókunum, námið mætti vera verklegra”. Nemendur voru mjög ánægðir með íslenskukennsluna í 6.bekk, þ.e. að tengja leiklist og íslensku saman og tengingu við ART hugmyndafræðina¹³¹. Nemendur úr skólaráði telja að námsefnið megi vera fjölbreyttara. „Við erum alltaf að vinna í áætlun, en stundum vinnum við í hópum.”¹³²

¹²⁸ Rýnihópur skólastjórnenda 30. mars 2011.

¹²⁹ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.2.

¹³⁰ Rýnihópur skólastjórnenda, 30.mars 2011.

¹³¹ Rýnihópur nemenda, 30.mars 2011.

¹³² Rýnihópur skólaráðs, 30.mars 2011.

6.5 Samskipti við starfsfólk

Almennt semur nemendum vel við kennara sína og heldur betur en að meðaltali í öðrum skólum. Þeir voru jafnframt ánægðir með kennarana.¹³³ Tveimur nemendum lenti saman í vetur og ákváðu að óska sjálfir eftir viðtali við skólastjóra sem að hans mati hljóti að sýna að hlustað sé á þá. Þeir báðust afsökunar og vildu setjast við sáttarborðið, sbr. *Uppeldi til ábyrgðar*.¹³⁴

6.6 Félags- og tómstundastarf í skólanum

Fjölbreytt félags- og tómstundastarf er við skólann og virkt nemendafélag sem er mati skólastjóra mjög öflugt. Nemendur skólans taka einnig þátt í alls konar keppni auk Lífshlaupsins sem áður er nefnt. Til dæmis má nefna Skólahreysti, stærðfræðikeppnina BEST, stærðfræðikeppni grunnskóla á Suðurlandi og Stóru upplestrarkeppnina. Þá var fyrsti *Flott án fíknar* klúbburinn á Suðurlandi stofnaður við Sunnulækjarskóla.¹³⁵

6.7 Skólaráð og nemendaráð

Nemendur eru kosnir í nemendaráð af nemendum. Fulltrúar í skólaráð eru kosnir af nemendaráði. Að mati nemenda er nemendaráðið virkt, en sumir vildu sjá fleiri atburði yfir veturinn.

6.8 Námsmat

Að mati nemenda sem rætt var við í rýnihópnum eru kröfur skólans til nemenda nokkuð skýrar í gegnum námsmatið. Nemendur sögðust ekki hafa séð skólanámskrá skólans, en telja að einstaklingsmiðuð áætlun sé mjög skýr. Nemendur áætla hvað þeir læra mikið í samvinnu við kennara og skila áætlun reglulega inn. Að mati nemenda er námið hæfilega krefjandi. Þeir voru ánægðir með að taka kaflapróf, töldu sig skilja námsefnið betur þannig. Nemendur sögðust sáttir við að meta sjálfa sig, t.d. að gefa sjálfum sér einkunn í dönsku.¹³⁶

Nemendur taka þátt í Skólapúlsinum, en töldu sig ekki hafa séð niðurstöður úr honum. Helstu niðurstöður meðal nemenda árin 2008 og 2009 voru að nemendur töldu að námið væri mikilvægt, þeir telja sig fá krefjandi verkefni í skólanum og setja sér sín eigin námsmarkmið. Ánægja nemenda af lestri,

¹³³ Sjálfsmatsskýrsla 2009, bls. 34 og Skólapúls 2011.

¹³⁴ Rýnihópur skólastjórna, 30.mars 2011.

¹³⁵ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.8.

¹³⁶ Rýnihópur nemenda, 30.mars 2011.

þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði og tilfinning þeirra fyrir að þeir hafi stjórn á eigin árangri er sambærilegt og í öðrum skólum.¹³⁷

6.9 Mat úttektaraðila

- Nemendum líður almennt vel í skólanum. Tilfinning fyrir að hafa stjórn á eigin lífi, vanlíðan og kvíði kemur þó örlítið verr út en hjá samanburðarskólum. Stúlkur koma verr út en drengir. Mikilvægt er fyrir skólann að skoða þetta betur, m.a. í tengslum við *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Eineltisáætlun og aðgerðaráætlun liggja fyrir. Samkvæmt síðustu mælingum úr Skólapúlsi mælist einelti svipað og hjá samanburðarskólum. Skólinn hefur reynt að bregðast við fyrri niðurstöðum þar sem einelti var árið 2009 örlítið meira en hjá samanburðarskólum.
- Nemendur fá tækifæri á að hafa áhrif á skólastarfið, t.d. í gegnum *Alþingi*, skólaráð og nemendaráð.
- Að mati nemenda er jafnréttis gætt í skólanum meðal nemenda og kennara og þeir eru ánægðir með fjölbreytileika skólans. Það vakti athygli úttektaraðila hversu eðlilegt nemendum þótti að nemendur væru ólíkir.
- Að mati nemenda er skipulag skólastarfsins og kennslan almennt góð en stundum sé erfitt að einbeita sér í tímum. Þeir nefndu þó að í sumum greinum væri stundum of mikil áhersla á að vinna eftir áætlun. Lagt er til að skólinn skoði þennan þátt betur.
- Félagslífið er fjölbreytt og nemendafélagið er öflugt við skólann.

¹³⁷ Skólapúlsinn 2009.

7 FORELDRAR

7.1 Þátttaka foreldra í skólastarfi

Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði og koma einnig að ýmsum föstum þáttum í skólastarfinu, s.s. þemadögum, skreytingardegi fyrir jól og vordögum. Þá hafa foreldrar einnig látið að sér kveða með forgöngu um ýmsa hluti svo sem almennan forvarnarfund um vímuefni fyrir foreldra og starfsmenn skólans.¹³⁸

Foreldrar, sem rætt var við, sögðu skólann mjög opinn, þeir séu velkomnir hvenær sem er til að fylgjast með. Þeim líði vel við að koma í skólann, geti skoðað námsgögnin og kíkt í skúffur barnanna. Að þeirra mati truflast börnin ekki þegar foreldrar eða aðrir gestir ganga um skólann, þau séu von því í opna rýminu¹³⁹.

Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun árin 2008 og 2009 voru eftirfarandi:

- Árið 2009 töldu 72% að skólinn kæmi til móts við námslegar þarfir barna. Ánægja hefur aukist milli ára.¹⁴⁰
- Almennt eru foreldrar ánægðir með skólann, geta mælt með skólanum við aðra foreldra, telja að skólinn svari vel kröfum nútímans, það sé góð upplýsingagjöf og gott aðgengi að starfsfólki. Þeir eru ánægðir með húsnæði skólans og mötuneyti og telja að þeir hafi áhrif á skólastarfið.
- Helstu veiku hliðar skólans að mati foreldra eru litlar upplýsingar um námsefni og upplýsingar á heimasíðu skólans.¹⁴¹

Í könnun meðal foreldra, í apríl 2011, kemur m.a. fram í fyrstu niðurstöðum að nú telja 77% foreldra upplýsingagjöf skólans til foreldra mjög góða eða góða.

7.2 Starfsemi foreldrafélagsins

Við Sunnulækjarskóla er starfrækt foreldrafélag. Í stjórn sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn. Foreldrafundir eru haldnir í hverjum árgangi og foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári. Foreldrafélagið heldur úti vefsíðu þar sem lesa má um helstu verkefni foreldrafélagsins, fundargerðir stjórnar og margt fleira, sjá: <http://sites.google.com/site/ffsunnulaekjarskola/>. Það sem af er þessu skólaári eru nefndir 16 atburðir og er þó ekki öllu til haga haldið. Þá heldur foreldrafélagið úti foreldrarölti í samvinnu við

¹³⁸ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.8.

¹³⁹ Rýnihópur foreldra, 30.mars 2011.

¹⁴⁰ Sjálfsmatsskýrsla Sunnulækjarskóla, 2009-2010, bls. 16.

¹⁴¹ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls.50.

foreldrafélaga Vallaskóla. Foreldrafélagið gefur einnig út rafrænt fréttabréf sem sent er um Mentor inn á öll heimili auk þess sem fréttabréfið er birt á vef foreldrafélagsins.¹⁴² Að mati skólaráðs er mikil ánægja með foreldrafélagið og hversu virkt það er.¹⁴³

7.3 Lýðræði

Aðkoma foreldra að ákvarðanatöku í skólanum er í gegnum skólaráðið, foreldrafélagið og dagleg samskipti við kennara og stjórnendur skólans. Foreldrar, sem rætt var við í rýnihópi, sögðust mjög ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum. Þetta staðfestist í viðhorfskönnun foreldra, en 78% foreldra telja að upplýsingagjöf til foreldra sé góð, 18% í lagi og rúm 4% ábótavant.¹⁴⁴ Foreldrar nefna að tekist hefði verið á um hvort það 10. bekkur ætti að vera í skólanum eða færast yfir í annan skóla. Góð umræða hefði verið milli foreldra og stjórnenda. Umræðan skilaði foreldrum þeirri staðfestu trú að mikil ánægja sé með skólann og nemendur vilji hvergi annars staðar vera. Auðvelt aðgengi er að stjórnendum og kennurum og auðvelt að koma skoðunum sínum á framfæri. Að mati foreldra er einkenni skólans: „Auðvelt aðgengi að stjórnendum og kennurum, hér er allt opið“¹⁴⁵.

7.4 Afstaða til þjónustu við fjölskyldur nemenda með sérþarfir

Í rýnihópi foreldra kom fram sú eindregna afstaða foreldra að skólinn tæki vel á móti öllum börnum. Jafnframt telja tæp 85% foreldra að barninu líði mjög vel eða frekar vel í skólanum.¹⁴⁶ Opna rýmið henti hinsvegar ekki öllum börnum, þau eigi misauðvelt með að aðlagast. Það sé svolítið erfitt fyrir börn að koma úr öðru umhverfi, en ef þau alist upp í skólanum verði þetta eðlilegri hlutur. Foreldrar sögðu sérdeildina almennt hafa reynst vel fyrir öll börn og það sé ótvíræður kostur að hafa hana inni í skólanum. Nemandinn sé bæði í deildinni og haldi áfram að vera inni í bekk og haldi þannig tengslunum við bekkinn. Helstu ókostir séu þeir að rýmið í sérdeildinni væri lítið: „Sunnulækjarskóli er skóli fjölbreytileikans, þetta er algjör sérstaða skólans.“¹⁴⁷

7.5 Mat úttektaraðila

- Foreldrar eru virkir í skólaráði og foreldrafélagið er öflugt og kemur að ýmsum verkefnum.
- Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans, upplýsingaflæði og kennara. Þetta staðfestist bæði í viðtölum við fulltrúa foreldra og í könnunum.

¹⁴² Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.8.

¹⁴³ Rýnihópur skólaráðs 30.mars 2011.

¹⁴⁴ Foreldrakönnun Sunnulækjarskóla, apríl 2011.

¹⁴⁵ Rýnihópur foreldra 30.mars 2011.

¹⁴⁶ Foreldrakönnun Sunnulækjarskóla, apríl 2011.

¹⁴⁷ Rýnihópur foreldra, 30.mars 2011.

- Mikil ánægja er með að skólinn sé skóli fjölbreytileikans sem foreldrar segja að auki skilning nemenda á jafnrétti einstaklinga. Afstaða til þjónustu við fjölskyldur nemenda með sérþarfir er jákvæð. Opna rýmið henti hinsvegar ekki öllum börnum, þau eigi misauðvelt með að aðlagast.

8 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGS

Sveitarfélagið er í samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurlandi um rekstur Skólaskrifstofu Suðurlands. Innan skólaskrifstofunnar starfa kennsluráðgjafar, iðjubjálfi, talmeinafræðingur og sálfræðingar sem veita skólum sveitarfélagsins þá sérfræðiþjónustu sem lög gera ráð fyrir. Kennsluráðgjafi og sálfræðingur hafa vikulega viðveru í Sunnulækjarskóla.¹⁴⁸

Almenn ánægja er í skólanum með sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins, sem rætt var við, sögðu sveitarfélagið geta náð fram frekari hagræðingu með meiri samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélagsins.

8.1 Fyrirkomulag og aðgengi

Deildarstjóri stoðþjónustu hefur sýn yfir sérkennslunemendur skólans og úthlutar sérkennslutímum í samvinnu við skólastjóra og kennara og kemur tilvísunum til skólaskrifstofu. Lagðar eru fyrir ýmsar kannanir í þeim tilgangi að greina vanda nemenda snemma og vísa þeim áfram til frekari greiningar sem þess þurfa. Sérkennarar vinna í náinni samvinnu við kennarateymin og sitja teymisfundi.¹⁴⁹ Sérfræðingar frá skólaskrifstofu sjá um allar viðameiri einstaklingsgreiningar. Má þar nefna greiningu á lestrarerfiðleikum, málhömlum og ýmsar sálfræðilegar greiningar.

Stapi er nýtt kennslusvæði Sunnulækjarskóla og kom til m.a. vegna óánægju starfsmanna með sérkennsluurræði í skólanum. Í Stapa gefst nemendum kostur á að fá stuðning í námi og stunda nám hluta skóladagsins í aðlöguðu umhverfi. Námsefnið er lagað að nemendum og er vinnukerfið Áttavitinn notaður til að efla sjálfstæði nemenda.¹⁵⁰

Sérdeild Suðurlands er deild í Sunnulækjarskóla á Selfossi og er í daglegu tali nefnd Setrið. Sérdeildin er rekin af Sveitarfélaginu Árborg samkvæmt samningi við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi og er að hefja sitt fjórða starfsár. Deildin veitir nemendum sérkennslu, þroskabjálfun, sérhæft námsumhverfi og

¹⁴⁸ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.9.

¹⁴⁹ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 20.

¹⁵⁰ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 20.

stuðning inn á svæði. Skólaárið 2010-2011 stunda 21 nemendur nám við deildina og koma þeir úr 5 grunnskólum á Suðurlandi.¹⁵¹

Allir nemendur fara í gegnum hljómpróf á leikskólum og fær skólinn upplýsingar um niðurstöður þeirra áður en nemendur hefja þar nám. Skimað er eftir læsi í 1. og 2. bekk. Tekin eru þrjú læsiprof í 1. bekk og tvö í 2. bekk. Mál- og hreyfimat er lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk. Nemendur sem koma lágt út úr því mati fá mál- og hreyfipjálfun einu sinni í viku í 1. bekk og sumir áfram í 2. bekk. Sjá fylgirit 30. GRP 14 – lestrarmat er lagt er fyrir í 9. bekk.¹⁵²

8.2 Eftirfylgni í framhaldi af greiningu

Sérfræðingar Skólaskrifstofu Suðurlands, skólasálfræðingur og kennsluráðgjafi fylgja vel eftir þeim greiningum sem gerðar eru. Ef niðurstöður greiningar eru þess eðlis er sett af stað teymi þar sem sérfræðingurinn starfar með foreldrum og kennurum (umsjónarkennara og sérkennara). Sett eru markmið, leitað leiða og samstarf eft. Teymisfundir þessir eru oftast á um 6-8 vikna fresti.¹⁵³ Sveitarfélagið fékk sérstakan styrk til að ráða talmeinafræðing, en foreldrar höfðu kvartað yfir því að ekki væri talmeinafræðingur í skólanum.

Í viðhorfskönnun starfsmanna og styrkleika- og veikleikagreiningu meðal starfsmanna vorið 2010 kom fram að starfsmenn töldu að skipulag og framkvæmd sérkennslu væru ekki nægjanlega góð. Í framhaldi af þessum niðurstöðum var nýtt úrræði sett á laggirnar undir nafninu Stapi.¹⁵⁴ Almenn ánægja er með þjónustu sveitarfélagsins sem snýr að eftirfylgni í framhaldi af greiningu.¹⁵⁵

8.3 Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er starfrækt við skólann og heldur reglulega fundi. Helsta viðfangsefni þess er að fjalla um málefni nemenda sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda í námi. Kennarar, stjórnendur og foreldrar geta vísað málum til ráðsins. Í nemendaverndarráðinu sitja skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi félagsþjónustu Árborgar, en ráðið boðar einnig til funda einstaklinga og sérfræðinga eftir þörfum.

8.4 Ráðgjöf til kennara

¹⁵¹ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 23.

¹⁵² Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.9.

¹⁵³ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.9.

¹⁵⁴ Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010, bls. 24.

¹⁵⁵ Fundur með fræðslunefnd, 30.mars 2011.

Ráðgjöf til kennara er margvísleg bæði frá Skólaskrifstofu Suðurlands og sveitarfélaginu. Um er að ræða ráðgjöf um kennslu og ráðgjöf skólasálfræðings, skólahjúkrunarfræðings eða félagsráðgjafa eftir þörfum. Ráðgjöfin hefur bæði verið námskeið, styttri erindi á fundum og einstaklingsráðgjöf.¹⁵⁶

8.5 Sjúkrakennsla

Skorið hefur verið niður í sveitarfélaginu í sjúkrakennslu.¹⁵⁷

8.6 Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru í Sunnulækjarskóla fjóra daga í viku. Hún sinnir m.a. reglubundnum skoðunum og bólusetningum, s.s. sjónprófum, heyrnarprófum, hæðarmælingum og þyngdarmælingum. Einnig sinnir hún skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta og tannverndar og veitir fyrstu hjálp í skólanum.¹⁵⁸

8.7 Mat úttektaraðila

- Sunnulækjarskóli hefur góðan aðgang að sérfræðingum bæði á vegum sveitarfélags og Skólaskrifstofu Suðurlands. Kennsluráðgjafi og sálfræðingur hafa vikulega viðveru í skólanum.
- Skólinn hefur þá sérstöðu að vera með sérdeild fyrir alla skóla Suðurlands en starfsemi deildarinnar hefur einnig styrkt starf Sunnulækjarskóla.
- Stapi er nýtt kennslusvæði í skólanum þar sem nemendur fá stuðning í námi og stunda nám hluta skóladagsins í aðlöguðu umhverfi. Námsefnið er lagað að nemendum og er almenn ánægja með þetta úrræði innan skólans.
- Deildarstjóri stoðþjónustu hefur sýn yfir sérkennslunemendur skólans og úthlutar sérkennslutímum. Náin samvinna er milli kennarateyma og stoðþjónustu.
- Starfsmenn skólans telja að skipulag og framkvæmd sérkennslu séu ekki nægjanlega góð. Hún sé of laus í reipunum og úrræði vanti fyrir ákveðinn hóp. Í rýnihópum kom fram að þetta hefði lagast, en gera mætti enn betur.

¹⁵⁶ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.9.

¹⁵⁷ Fundur með fræðslunefnd, 30.mars 2011.

¹⁵⁸ Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011, bls. 16-17.

9 MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

9.1 Áhersluatriði sveitarfélags í ytra mati

Eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi Sunnulækjarskóla hefur gengið vel að mati framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og formanns fræðslunefndar. Þegar úttektin fór fram var ekki búið að ráða fræðslustjóra sem mun gegna þessu hlutverki. Að mati skólastjóra var samstarf við fyrrum verkefnastjóra fræðslumála mjög gott, hann hefði hitt alla skólastjóra Árborgar reglulega og fylgt málum vel eftir.¹⁵⁹

Undirbúningsvinna fyrir upptöku heildarmats sveitarfélagsins stendur yfir. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í vor með fundi starfshóps. Fyrir liggur boð frá Menntasviði Reykjavíkurborgar um þjálfun tveggja starfsmanna skólaskrifstofunnar vegna þessa. Sveitarfélögin hafa ekki samþykkt að fara í heildarmat heldur var samþykkt á síðasta aðalfundi að stofna starfshóp til að vinna tillögu fyrir næsta aðalfund. Því er ekki hægt að segja með vissu að úr þessu verði en formaður fræðslunefndar er mjög hlynntur heildarmatinu og vilji hans stendur til þess að það verði tekið upp.¹⁶⁰

9.2 Framkvæmd ytra mats

Engar sérstakar kannanir eru framkvæmdar á vegum sveitarfélags. Sveitarfélagið tekur þátt í Skólavoginni og Rannsókn og greiningu. Samstarf um skimanir er við aðra skóla¹⁶¹.

9.3 Starfsfólk sveitarfélags/aðkeypt þjónusta

Starfsfólk sveitarfélagsins sem kemur að fræðslumálum eru framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, fjármálastjóri og fram til þessa verkefnisstjóri fræðslumála sem nú hefur látið af störfum. Samkvæmt nýju skipuriti er gert ráð fyrir því að fræðslustjóri verði ráðinn til sveitarfélagsins og verður sú staða að öllum líkindum auglýst á næstu vikum.¹⁶²

9.4 Tengsl við sjálfsmat skólans

Eins og komið hefur fram að ofan hefur sveitarfélagið ekki sinnt ytra mati og því eru ekki formleg tengsl við sjálfsmat skólans.¹⁶³

¹⁵⁹ Rýnihópur skólastjórnenda og fræðslunefndar, 30.mars 2011.

¹⁶⁰ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.9.

¹⁶¹ Fundur með fræðslunefnd, 30.mars 2011.

¹⁶² Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.9.

¹⁶³ Fundur með fræðslunefnd, 30.mars 2011.

9.5 Kynning og eftirfylgni

Kynning og eftirfylgni kannana hafa hingað til verið í höndum verkefnisstjóra fræðslumála. Að auki eru allar kannanir kynntar á mánaðarlegum fundum fræðslunefndar sveitarfélagsins.¹⁶⁴

9.6 Mat úttektaraðila

- Sveitarfélagið hefur ekki verið með formlegt heildarmat á skólastarfinu, s.s. kannanir, en undirbúningsvinna er í gangi fyrir upptöku heildarmats. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í vor.
- Eftirlit sveitarfélagsins með skólastarfi Sunnulækjarskóla hefur að mestu verið í höndum verkefnastjóra fræðslumála og hefur gengið vel að mati framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og formanns fræðslunefndar.
- Þegar úttektin fór fram var ekki búið að ráða í stöðu fræðslustjóra sem tekur við af verkefnastjóra. Því var ekki hægt að rýna eins náíð í mat og eftirlit sveitarfélagsins með einstökum málum. Almenn ánægja var þó með fyrrverandi verkefnastjóra fræðslumála og er talið að hann hafi fylgt málum vel eftir.
- Sveitarfélagið hefur ekki framkvæmt ytra mat, s.s. kannanir. Úttektaraðilar telja mikilvægt að svo verð sbr. lög um grunnskóla.

¹⁶⁴ Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla, 1. mars 2011, bls.9.

10 NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

10.1 Styrkleikar og veikleikar

Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, nemendur, foreldrar, skólaráð og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika og veikleika Sunnulækjarskóla, ógnanir og tækifæri. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar
Skýr stefna og uppeldisleg sýn.	Starfsmenn ekki allir nægilega meðvitaðir um þróunarverkefni skólans út frá stefnu hans.
Sterkir faglegir leiðtogar sem hafa fylgt skólanum frá upphafi.	Ekki hafa allir starfsmenn og foreldrar fengið fræðslu og þjálfun í samskiptastefnu skólans <i>Uppeldi til ábyrgðar</i> .
Vel menntað starfsfólk og almenn meðvitund þess um stefnu og sérstöðu skólans.	Stjórnunarhlutverk deildarstjóra er ekki nægilega skýrt
Vel unnin skólanámskrá með þátttöku starfsmanna, rýnd af foreldrum.	Þrengsli á yngsta stigi og ekki nægilegur vinnufriður á sumum vinnusvæðum. Starfsmönnum og foreldrum finnst agamálum ábótavant og kennarar upplifa mikið álag.
Fjölbreyttir kennsluhættir, einstaklingsmiðað nám og stuðningur við nemendur með sérþarfir.	Árangur á samræmdum könnunarprófum undir landsmeðaltali.
Margvíslegar leiðir í námsmati.	Óánægja foreldra og kennara með sérgreinakennslu á yngsta stigi.
Teymisvinna kennara.	Teymisvinna kennara getur einnig komið niður á frumkvæði og sjálfstæði kennara.
Góður starfsandi.	Starfsmenn, aðrir en kennarar, telja sig ekki fá nægilegar upplýsingar um skólastarfið af kennarafundum.
Jákvætt og vinsamlegt viðhorf starfsmanna gagnvart nemendum.	Tölvur að verða úreltar.
Líðan nemenda almennt góð og þeir hafa	

áhrif á skólastarfið með ýmsum hætti.	
Foreldrar virkir og gott aðgengi þeirra að stjórnendum og kennurum, gott upplýsingaflæði til foreldra.	
Foreldrar eru almennt ánægðir skólann og með líðan barna sinna þar.	
Glæsileg og hlýlegt húsnæði sem gefur möguleika á að sinna mismunandi þörfum.	
Góður tækjakostur og sveigjanlegur húsbúnaður.	
Gott bókasafn.	
Starfslýsingar liggja fyrir og starfsmannasamtöl eru tekin.	
Ánægja með mötuneyti.	
Margvíslegt samstarf við grenndarsamfélag.	
Jákvætt viðhorf sveitarfélags til skólastarfsins.	

10.2 Ógnanir og tækifæri

Ógnanir	Tækifæri
Fjárhagslegur niðurskurður.	Halda metnaðarfullu starfi áfram með góðum starfsmannahópi.
Aukinn barnafjöldi. Skólahúsnæðið er sprungið.	Þróa hugmyndafræði skólans enn frekar og festa betur í sessi.
Stefnubreyting í skólamálum hjá stjórnáráðmönnum.	Að laða að kennara sem falla að menningunni og skipulaginu og sjá til þess að þeir fái fræðslu og þjálfun.
	Þróun og þjálfun millistjórnenda sem fái skýrara verksvið

	Vinna enn frekar að þróun sérkennslunnar.
	Þróa ennfremur <i>Námsframvindu</i> í samvinnu við Mentor.
	Auka enn frekar samstarf við samfélagið.
	Einstaklingsmiðað námsmat.
	Meta árangur af Stapa.

10.3 Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Vinna þarf markvissar að innleiðingu **Uppeldis til ábyrgðar** og auka þátttöku allra aðila. Tryggja þarf að allir kennarar og starfsmenn fái þjálfun í aðferðafræðinni og hún verði kynnt foreldrum betur.
2. Skýra þarf og auka ábyrgð **deildarstjóra** skólans og upplýsa kennara um hlutverk þeirra. Lagt er til að þeir sækji sérstaka stjórnendaþjálfun.
3. **Endurmenntun** starfsmanna verði markvissari út frá stefnu skólans, þörfum starfsmanna og niðurstöðum sjálfsmats og tryggt að allir starfsmenn fái fræðslu um þá þætti sem skólinn leggur til grundvallar í starfi sínu.
4. Skoða þarf betur hvernig bregðast megi við þrengslum á yngsta stigi.
5. Móta aðgerðir til að taka skýrar á **agamálum og auka vinnufrið**, þar sem gagnrýni á agamál hafa verið ríkjandi þáttur í sjálfsmati skólans undanfarin ár. Setja skýrari reglur og ferli og fylgja málum betur eftir.
6. Skipaður verði starfshópur sem skoði óánægju með **sérgreinakennslu**, sérstaklega á yngsta stigi og geri tillögur til úrbóta.
7. Halda áfram þróunarverkefni um að auka **samfelli í námi** sbr. tillögur um þessa þætti í sjálfsmati skólans. Auka samstarf við list- og verkgreinakennara í þemaverkefnum. Þróa áfram námsmat og festa betur við námsefni hvers árgangs. Skipuleggja betur verkefni í hverjum árgangi og skýra út ábyrgð starfsmanna.

8. Tryggja þarf að almennir starfsmenn fái **upplýsingar** úr skólastarfinu sem þeir þurfa, t.d. af kennarafundum svo þeir megi fylgja eftir stefnu skólans.
9. Skólinn er hvattur til að rýna betur í ástæður lakrar frammistöðu nemenda á **samræmdum prófum**.
10. Gera **innra matið** samstarfsmiðaðra, einfalda sjálfsmatsskýrslu og tryggja meiri samfellu í matinu á milli ára.
11. **Jafnréttisáætlun** verði útbúin í samræmi við lög.
12. Mikilvægt er fyrir skólann að halda áfram að leita leiða vegna niðurstaðna úr Skólapúlssi varðandi **sjálfsálit nemenda** m.a. í tengslum við *Uppeldi til ábyrgðar*.
13. Skoðuð verði gagnrýni nemenda um að of mikil áhersla sé í sumum greinum á að vinna eftir **áætlun**.

11. HEIMILDIR

1. Aðalnámskrá grunnskóla 2006.
2. Athugasemdir skólastjóra, 2. maí 2011.
3. Áfallamappa Sunnulækjarskóla.
4. Foreldrakönnun Sunnulækjarskóla, mars 2011.
5. Guðlaug Erla Gunnarsdóttir (2007). Forystustjórnun í grunnskólum. Hagnýting stjórnunarháttanna í anda uppeldis til ábyrgðar. Meistaraprófsverkefni. Kennaraháskóli Íslands.
6. *Ingvar Sigurgeirsson (2005). Hér eru allir að hjálpa.* Rannsóknar- og matsskýrsla um fyrsta starfsár Sunnulækjarskóla.
7. Kennsluáætlanir Sunnulækjarskóla.
8. Könnun á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla og grunnskóla. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af vef ráðuneytis <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5284>. 19.04.2011
9. Lög nr.91/2008 um grunnskóla.
10. Námskrá Sérdeildar Suðurlands 2010
11. Námsvísar 1.-10.bekkiar veturinn 2010-2011.
12. Samantekt á gögnum vegna úttektar á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
13. Sjálfsmatsskýrslur Sunnulækjarskóla 2009 og 2010.
14. Skipting á kennslusvæði 2010-2011.
15. Skólahandbók Sunnulækjarskóla, Selfossi, 2010-2011
16. Skólapúlsinn 2009.
17. Skólastefna sveitarfélagsins Árborgar, desember 2007.
18. Starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla 2010-2011

VIÐAUKAR

Viðauki 1 – Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum Sunnulækjarskóla

Stjórnun	4,4
Kennsla	43,6
Námsráðgjöf	0,5
Þroskaþjálfari	0,8
Stuðningsfulltrúi	7
Skólaritari	1
Húsvörður	1
Bókavörður	0,95
Matreiðslum.	1
Aðst. í mótun.	2,5
SAMT.:	62,75

Viðauki 2 – Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum í Setrinu

Stjórnun	0,75
Kennari	2
Þroskaþjálfari	3,75
Félagliði	1
Stuðningsfulltrúi	0,6
SAMT.:	8,1

Viðauki 2 – Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum á Hólum

Stjórnun	0,75
Stuðningsfulltrúi	2,7
SAMT.:	3,45

Viðauki 3 – Viðmiðunarstundaskrá og skipting kennslustunda

TAFLA 1. VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ

Námssvið	1.–4. bekkur (mín)	5.–7. bekkur (mín)	8.–10. bekkur (mín)	Vikulegur kennslutími alls í mínútum
Danska		120	440	560
Enska	40	240	400	680
Heimilisfræði	160	240	80	480
Hönnun og smíði	160	120	40	320
Íslenska	960	600	600	2160
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	480	360	360	1200
Listgreinar	640	480	160	1280
Lífsleikni	40	120	120	280
Náttúrfræði og umhverfismennt	320	360	360	1040
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	480	440	280	1200
Stærðfræði	800	600	600	2000
Upplýsinga- og tæknimennt	160	120	40	320
Val	560	400	960	1920
Vikustundir alls	4800	4200	4440	13440

TAFLA 2. SKIPTING KENNSLUSTUNDA Í SUNNULÆKJARSKÓLA

Námssvið	1.–4. bekkur (mín)	5.–7. bekkur (mín)	8.–10. bekkur (mín)	Vikulegur kennslutími alls í mínútum
Danska		120	440	560
Enska	40	240	400	680
Heimilisfræði	160	240	40	440
Hönnun og smíði	160	120	40	320
Íslenska	960	600	720	2280
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	480	360	360	1200
Listgreinar	640	480	80	1200
Lífsleikni	40	120	120	280
Náttúrufræði og umhverfismennt	320	360	360	1040
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	480	440	280	1200
Stærðfræði	800	600	720	2120
Upplýsinga- og tæknimennt	160	120	40	320
Val	560	400	840	1800
Vikustundir alls	4800	4200	4440	13440